REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu, nr. 281/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í réttri númeraröð:

7.45 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1849 frá 23. júlí 2026 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.45.

7.46 Leiðrétting á ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/90652 frá 31. júlí 2026 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.46.

8.36 Reglugerð (ESB) 2026/1848 frá 23. júlí 2026 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.36.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 5. nóvember 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 7.45.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2026/1849

frá 23. júlí 2026

um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ ([1]).

2) Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.

3) Í ályktun sinni ES-11/7, sem samþykkt var 24. febrúar 2025, minnti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna á nauðsyn þess að viðeigandi ályktanir þess, sem samþykktar hafa verið til að bregðast við árásum gegn Úkraínu, komi að fullu til framkvæmda, einkum krafa þess um að Rússneska sambandsríkið dragi allan herafla sinn tafarlaust, að öllu leyti og skilyrðislaust, til baka frá yfirráðasvæði Úkraínu innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra hennar og krafa þess um að Rússneska sambandsríkið hætti tafarlaust hernaðarátökum gegn Úkraínu, einkum árásum á borgara og borgaraleg skotmörk.

4) Svo lengi sem ólögmætar aðgerðir Rússneska sambandsríkisins halda áfram að brjóta gegn grundvallarreglum þjóðaréttar, þ.m.t. einkum banninu við valdbeitingu sem er að finna í 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, eða alþjóðlegum mannúðarrétti, þykir rétt að láta allar ráðstafanir sem Sambandið hefur gert gilda áfram og gera viðbótarráðstafanir ef nauðsyn krefur.

5) Í ljósi áframhaldandi og stigvaxandi árása Rússneska sambandsríkisins á Úkraínu, einkum nýlegrar hrottalegrar hernaðaraðgerðar sem beinist vísvitandi gegn borgaralegum innviðum, þ.m.t. orkuverum, vatnsveitum og heilbrigðisstofnunum, sem hefur valdið almennum borgurum miklum þjáningum og sem miðar að því að grafa undan viðnámsþrótti Úkraínu, telur ráðið nauðsynlegt að samþykkja frekari þvingunaraðgerðir.

6) Einkum þykir rétt að breyta undanþágum til að tryggja áframhaldandi útvegun vara og þjónustu sem nauðsynlegar eru til að viðhalda grunninnviðum netsins í Rússlandi fyrir almenning.

7) Réttmætt þykir að bæta 51 rekstrareiningu við í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ. Þessar rekstrareiningar eru hluti af hergagnaiðnaði í Rússlandi eða hafa viðskiptaleg eða önnur tengsl við eða styðja á annan hátt við hergagnaiðnað í Rússlandi eða svið varnar- og öryggismála þess. Lagðar verða á þessar rekstrareiningar þrengri útflutningstakmarkanir varðandi vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og varðandi vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu á sviði varnar- og öryggismála Rússlands. Rétt þykir að bæta við þann viðauka rekstrareiningum í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem stuðla með óbeinum hætti að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands og gera þannig sniðgöngu þvingunaraðgerða Sambandsins mögulega eða raska tilgangi þeirra, þ.m.t. þvingunaraðgerðir Sambandsins vegna örrásartækni, tölvustýringarvéla og búnaðar vegna vinnslu hálfleiðara.

8) Rétt þykir að víkka út skrána yfir atriði sem gætu stuðlað að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða að þróun á sviði varnarmála og öryggismála þess, með því að skrá hluti sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hluti sem stuðla að þróun eða framleiðslu á hernaðarkerfum Rússlands, þ.m.t. nikkelduft, nikkelmálm og málmblöndur úr nikkel sem eru notaðar í tæringarþolna húðun í þotuhreyflum, beryllíumduft sem er notað í drifefni og í öflugar málmblöndur, sjálflímandi filmur, límbönd og strimla sem eru notuð í flugvélageiranum og á sviði varnarmála, flugtengdan búnað sem er sértækur fyrir ómönnuð loftför, s.s. stuðningsbúnað á jörðu, kerfi til truflunar eða inngrips, skotbúnað og stýrihreyfla og flugstöðvunarkerfi fyrir ómönnuð loftför eða flugskeyti.

9) Einnig þykir rétt að innleiða frekari takmarkanir á innflutning á vörum sem skapa umtalsverðar tekjur fyrir Rússland og gera því þar með kleift að halda árásarstríði sínu gegn Úkraínu áfram, þ.m.t. takmarkanir á kopargrýti, nikkelgrýti, blýgrýti, góðmálmsgrýti, óunnið sink, alkalíska jarðmálma, tiltekin ólífræn íðefni (sinkoxíð og krómoxíð), furuolíu, glervöru og bílahluti.

10) Rétt þykir að innleiða tvær undanþágur til að gera lögbærum innlendum stjórnvöldum kleift að farga með öruggum hætti þeim förmum af rússneskri olíu sem þau leggja hald á og gera upptæka. Í því skyni eru

innleiddar tvær undanþágur til að gera viðeigandi starfsemi mögulega, s.s. innflutningur, tilflutningur, geymsla, stjórnun og sala.

11) Rétt þykir að innleiða þann möguleika fyrir lögbær stjórnvöld að heimila, samkvæmt ströngum skilyrðum, innflytjendum að leggja ekki fram sannanir fyrir upprunalandi hráolíunnar að því er varðar afhendingu jarðolíuafurða sem fengnar eru í þriðja landi til ystu svæða og landa og yfirráðasvæða handan hafsins sem tengjast Sambandinu, án þess að gerð sé krafa um sönnun á uppruna vegna sérstakra landfræðilegra einkenna þessara yfirráðasvæða og afhendingartakmarkana þeirra.

12) Rétt þykir að framlengja gildistíma undanþágu frá verðþaki fyrir olíu sem heimilar, í ljósi orkuöryggissjónarmiða, flutning á hráolíu sem er upprunnin í Sakhalin-2 verkefninu í Rússlandi, með skipi til Japans.

13) Réttmætt þykir að innleiða tímabundna stöðvun á breytingu á verðþakinu á hráolíu. Í ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1495 ([2]) er kveðið á um aðferð til að breyta verðþakinu fyrir rússneska hráolíu með hliðsjón af meðalmarkaðsverði rússneskrar hráolíu. Eins og fram kemur í þeirri ákvörðun er slíkri aðferð ætlað að tryggja að verðþak hráolíu sé ávallt nægilega lágt til að draga úr tekjum Rússlands af olíuútflutningi, að teknu tilliti til fyrri verðsveiflna. Að teknu tilliti til nýlegra og óvenjulegra raskana á mörkuðum fyrir hráolíu og jarðolíuafurðir og til að tryggja að markmiðum með verðþaki á hráolíu verði áfram náð með skilvirkum hætti þykir rétt að fresta breytingum á því verðþaki. Jafnframt þykir rétt að kveða á um bráðabirgðaendurskoðun á þessari frestun til að tryggja að fyrirkomulagið sé áfram nauðsynlegt og í réttu hlutfalli með hliðsjón af markaðsþróun. Ráðið ætti að hafa möguleika á að ákveða að breyta verðþakinu eftir þá bráðabirgðaendurskoðun. Taki ráðið ekki ákvörðun verður gildandi verðþak áfram til staðar. Frá og með 15. júlí 2027 verður upprunalegt verklag við breytingar á verðþakinu tekið upp að nýju með birtingu framkvæmdastjórnarinnar, á þeirri dagsetningu, á tilkynningu með nýja verðþakinu og breytingunni á XXVIII. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 ([3]), í samræmi við 4. gr. p (12. mgr.) í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og 3. gr. n (11. mgr.) og 7. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014.

14) Rétt þykir að innleiða undanþágu frá banninu við tilflutningi og því að veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða fjármögnun eða fjárhagsaðstoð í tengslum við flutning til þriðju landa á fljótandi jarðgasi sem er upprunnið í eða flutt út frá Rússlandi. Þessi undanþága miðar að því að milda skaðlegar afleiðingar á orkuframboð tiltekinna samstarfslanda.

15) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/2032 ([4]) breytti ákvörðun 2014/512/SSUÖ í því skyni að leggja bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á fljótandi jarðgasi sem er upprunnið í eða flutt út frá Rússlandi. Bannið gildir um kaup og flutninga inn í Sambandið og til þriðju landa.

16) Rétt þykir að innleiða tímabundna undanþágu að því er varðar flutning eða kaup í tengslum við þann tilflutning á fljótandi jarðgasi, sem er upprunnið í eða flutt út frá Rússlandi, þegar slíkur flutningur, eða kaup í tengslum við þann flutning, er ætlaður þriðju löndum. Til að tryggja að tímabundna undanþágan grafi ekki undan markmiðum þvingunaraðgerða Sambandsins ætti í því ákvæði að mæla sérstaklega fyrir um reglu þess efnis að heildarflutningur fljótandi jarðgass frá Rússlandi, sem rekstraraðilar í Sambandinu flytja til þriðju landa samkvæmt tímabundnu undanþágunni, fari ekki yfir árlegt magn fljótandi jarðgass sem er upprunnið í eða flutt út frá Rússlandi á árinu 2025 og komast þannig hjá því að útflutningstekjur Rússlands aukist við slíka tilflutninga. Til að tryggja að tímabundna undanþágan haldi áfram að þjóna markmiðum þvingunaraðgerða Sambandsins, með tilliti til þróunar sem hefur áhrif á rekstraraðila í Sambandinu, ætti framkvæmdastjórnin að meta ráðstafanirnar reglulega og leggja mat sitt fyrir ráðið. Á grundvelli þessa mats ætti ráðið að endurskoða framkvæmd tímabundnu undanþágunnar og, eftir því sem við á, geta ákveðið að stytta hana, framlengja eða fella hana úr gildi.

17) Til að tryggja réttaröryggi og skipulega niðurfellingu í áföngum á starfsemi sem fellur undir ákvörðun 2014/512/SSUÖ þykir rétt að skýra að tímabundna undanþágan varðandi kaup og tilflutning á fljótandi jarðgasi sem ætlað er fyrir þriðju lönd ætti einungis að gilda þegar kaup tengjast tilflutningi sem rekstraraðili í Sambandinu framkvæmir. Slíkur tilflutningur ætti að fara fram á grundvelli langtímasamnings um afhendingu á fljótandi jarðgasi, að undanskildum jarðgasafleiðum, sem gildir lengur en í eitt ár, sem var gerður fyrir 24. febrúar 2022 og sem hefur ekki verið breytt eftir þá dagsetningu nema í takmörkuðum tilgangi, sem heimilaður er samkvæmt ákvörðun 2014/512/SSUÖ. Auk þess ætti að framkvæma kaupin sjálf í tengslum við þann tilflutning samkvæmt langtímasamningi til lengri tíma en eins árs, sem gerður var fyrir 24. febrúar 2022 og sem hefur ekki verið breytt eftir þá dagsetningu nema í þessum sama takmarkaða tilgangi. Slíkir langtímasamningar verða allajafna að innihalda alla nauðsynlega þætti varðandi gildi sitt og framkvæmd viðskipta, s.s. upplýsingar um aðila, verð, magn, afhendingardaga, fermingar- eða afhendingarstað og fyrirkomulag framkvæmdar. Samningar þar sem frekara samkomulags milli samningsaðila er krafist vegna slíkra þátta falla ekki undir tímabundnu undanþáguna, að undanskildum breytingum er varða takmarkaða tilganginn sem er sérstaklega heimilaður samkvæmt þessari ákvörðun, t.d. varðandi verklags-

reglur eins og árlegar afhendingaráætlanir eða aðrar svipaðar, venjubundnar aðlaganir í rekstri. Breytingar á slíkum þáttum á grundvelli einhliða samningsákvæða sem hinn samningsaðilinn getur ekki andmælt útiloka ekki gildissvið tímabundnu undanþágunnar. Banna ætti öll önnur kaup sem tengjast ekki sérstökum tilflutningi rekstraraðila í Sambandinu frá og með 1. janúar 2027. Þar eð frá og með þeim degi er ekki lengur hægt að gera slík kaup löglega nema þau séu áfram tengd tilflutningi rekstraraðila í Sambandinu sem falla undir skilyrði tímabundnu undanþágunnar, er ljóst að vegna þess að af þessu leiðir að ómögulegt er að uppfylla samninginn má skírskota til ákvæða um óviðráðanlegt atvik í þeim tilgangi að segja upp gildandi samningsskuldbindingum, að því marki sem ekki er hægt að halda áfram að uppfylla þær skuldbindingar í tengslum við tilflutning sem rekstraraðilar í Sambandinu framkvæma.

18) Að því er varðar bannið við að veita þjónustu birgðastöðva fyrir fljótandi jarðgas þykir einnig rétt að skilgreina nánar gildissvið þess.

19) Sambandið hefur þegar tekið upp tilgreiningar tiltekinna skipa í því skyni að skerða starfsemi þeirra. Slík starfsemi gæti treyst á þjónustu, eins og eldsneytistöku, dráttarþjónustu og tilflutning milli skipa, frá skipum í þriðja landi. Til að taka á slíkri þjónustu og koma í veg fyrir hana þykir rétt að útvíkka gildissvið viðmiðana fyrir þessar tilgreiningar svo að þær nái yfir skipin sem veita slíka þjónustu. Einnig þykir rétt að innleiða viðbótartilgreiningar á skipum.

20) Rússland hefur umtalsverðar tekjur af sölu olíu. Rétt þykir að leggja bann við hvers konar viðskiptum við hreinsunarstöðvar í Rússlandi og í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem eru notaðar til vinnslu eða hreinsunar á hráolíu eða vinnslu eða blöndunar jarðolíuafurða sem eru á skrá í XIII. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, eða jarðefna sem eru upprunnin í Rússlandi eða við hreinsunarstöðvar sem notaðar eru til að sniðganga þvingunaraðgerðir. Slík viðskipti taka til aðgengis að aðstöðu skráðra hreinsunarstöðva og veitingu hvers konar þjónustu. Rétt þykir að tilgreina eina hreinsunarstöð samkvæmt þessum skráningarviðmiðunum og bæta henni við viðkomandi viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2014/512.

21) Rétt þykir að skýra gildissvið undanþágunnar að því er varðar viðskipti í tengslum við jarðgasleiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2 með tilliti til frágangs, starfrækslu, viðhalds eða notkunar þessara leiðslna.

22) Sambandið hefur þegar samþykkt ráðstafanir til að takmarka tekjur Rússlands sem tengjast útflutningi á fljótandi jarðgasi. Slíkur útflutningur er háður framboði tankskipa fyrir fljótandi jarðgas og því er mikilvægt að skerða möguleika Rússlands til að safna saman og nota tankskip fyrir fljótandi jarðgas. Í því skyni þykir rétt að kveða á um tilkynningarskyldu vegna sölu tankskipa fyrir fljótandi jarðgas og möguleika á að innleiða nýjar takmarkanir á sölu tankskipa fyrir fljótandi jarðgas þannig að Rússland njóti ekki ávinnings af þeim.

23) Sambandið hefur ítrekað gert ráðstafanir til að auðkenna fjármálastofnanir, lánastofnanir eða rekstrareiningar sem veita þjónustu á sviði sýndareigna eða greiðsluþjónustu, sem greiða fyrir áframhaldandi fjárhagslegri líflínu fyrir árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, hvort sem það er með því að tengjast sendingakerfi seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð („SPFS“) eða með því að gera kleift að sniðganga þvingunaraðgerðir Sambandsins og til að banna hvers konar viðskipti milli þessara stofnana eða rekstrareininga og rekstraraðila Sambandsins. Gögn sýna fram á að rekstrareiningar í þriðju löndum halda áfram að gera Rússlandi kleift að stunda ólöglega starfsemi. Því er viðeigandi að færa fjóra aðila á fjármálamarkaði og 14 rekstrareiningar sem veita þjónustu á sviði sýndareigna á skrá í viðeigandi viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, með það fyrir augum að banna viðskipti milli þeirra og aðila sem staðsettir eru í Sambandinu. Að auki þykir rétt að fjarlægja eina rekstrareiningu úr XVIII. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ. Einnig þykir rétt að bæta fimm rekstrareiningum á skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir í þriðju löndum, sem raska verulega tilganginum með þeim bönnum sem sett eru fram í 4. gr. o, 4. gr. p og 4. gr. x í ákvörðun 2014/512/SSUÖ.

24) Réttmætt þykir að víkka út gildissvið bannsins við því að ríkisborgarar Rússlands eða einstaklingar sem búa í Rússlandi eigi eða stjórni tilteknum lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem eru skráðar eða löglega stofnaðar samkvæmt lögum aðildarríkis, eða gegni störfum í stjórnum þeirra, þannig að bannið gildi um allar rekstrareiningar sem veita þjónustu á sviði sýndareigna, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 ([5]).

25) Til að viðhalda aðgangi að þjónustuveitendum og vettvöngum sýndareigna eftir að með ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/508 ([6]) og reglugerð ráðsins (ESB) 2026/506 ([7]) bann var lagt við samstarfi við slíka þjónustuveitendur og vettvanga með staðfestu í Rússlandi, eru bankar og aðrir aðilar í Rússlandi, þ.m.t. skráðir bankar, að nota slíka vettvanga með staðfestu í þriðju löndum öðrum en Rússlandi. Nokkrir þessara sýndareignavettvanga hafa verið skráðir samkvæmt ákvörðun 2014/512/SSUÖ og reglugerð (ESB) nr. 833/2014 vegna þess að þeir hafa raskað verulega ákvæðum þessara réttarreglna eða ákvæðum ákvörðunar ráðsins 2014/145/SSUÖ ([8]) og reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 269/2014 (9).

26) Til að koma í veg fyrir slíka sniðgöngu þvingunaraðgerða Sambandsins um lögsögur þriðju landa þykir rétt að innleiða þann möguleika að banna öll viðskipti við lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem veita þjónustu á sviði sýndareigna eða eru vettvangur sem gerir skipti eða yfirfærslu á sýndareignum mögulega og sem hafa staðfestu í þeim þriðju löndum sem tilgreind eru í viðkomandi viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ.

27) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er þykir réttmætt að bæta 33 lána- eða fjármálastofnunum við á skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem falla undir viðskiptabann. Viðskiptabannið nær til tiltekinna rússneskra lána- eða fjármálastofnana eða annarra rekstrareininga, þ.m.t. þeirra sem eru áskrifendur að sendingarþjónustu á sviði fjármála eða rússneskra dótturfyrirtækja lána- eða fjármálastofnana í þriðju löndum, sem skipta máli fyrir rússneska fjármála- og bankakerfið, einkum vegna þess að þær eru annaðhvort stórir eða mikilvægir svæðisbundnir bankar, sem greiða af þeim sökum fyrir svæðisbundnum og alríkistengdum fjármálum og viðskiptum, eða bankar sem greiða fyrir framkvæmd greiðslna yfir landamæri eða eru mikilvægir fyrir árásir Rússa gegn Úkraínu, einkum vegna þess að þeir eru bankar sem grafa undan landamærahelgi Úkraínu með því að starfa á hernumdum svæðum í Úkraínu eða með því að veita fjármálaþjónustu á hernumdum svæðum í Úkraínu, bankar sem veita herstarfsliði í rússneska heraflanum fjármálaþjónustu eða bankar sem falla þegar undir þvingunaraðgerðir Sambandsins eða samstarfslanda þess.

28) Rétt þykir að innleiða undanþágu sem gerir lögbærum stjórnvöldum kleift að heimila ríkisborgurum aðildarríkja eða landa innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Sviss að taka út fjármuni sem þeir eiga hjá tilteknum lána- og fjármálastofnunum og rekstrareiningum sem veita þjónustu á sviði sýndareigna eða greiðsluþjónustu, sem falla undir bann við að eiga í hvers kyns viðskiptum, í því skyni að segja upp starfsemi þeirra, samningum eða öðru samkomulagi við viðkomandi stofnun eða rekstrareiningu. Dæmi um slíka uppsögn eru þegar einstaklingurinn lokar reikningum sínum eða tekur út alla fjármuni sem hann eða hún á í viðkomandi rekstrareiningu og kemur ekki á eða viðheldur frekari samningsbundnum tengslum við viðkomandi rekstrareiningu. Til að draga úr hættu á sniðgöngu ætti að millifæra fjármuni til lána- eða fjármálastofnana sem eru skráðar samkvæmt lögum aðildarríkis eða eru í eigu eða undir stjórn lána- eða fjármálastofnana sem eru skráðar samkvæmt lögum aðildarríkis. Þessi undanþága hefur ekki áhrif á bannið við því að rekstraraðilar í Sambandinu veiti rekstrareiningum, sem eru á skrá í VIII., XVIII. og XIX. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, sendingarþjónustu á sviði fjármála. Þess vegna skal ekki túlka þá undanþágu svo að lögbæru stjórnvaldi sé heimilt að veita slíka þjónustu.

29) Einnig þykir rétt að innleiða þröngt afmarkaða undanþágu til að heimila framkvæmd viðskipta við tiltekna rekstrareiningu, sem skráð er undir færslu nr. 4 í XVIII. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, einungis ef það er nauðsynlegt vegna greiðslu gjalds til lánastofnunar með staðfestu í Sambandinu, sem fer fram á grundvelli söluréttar sem var samþykktur samkvæmt samningi og nýttur á viðeigandi hátt fyrir 28. febrúar 2022. Þessi undanþága grefur ekki undan almennum markmiðum reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 og er eingöngu rökstudd með því að nauðsynlegt sé að bregðast við ófyrirséðum neikvæðum afleiðingum fyrir rekstraraðila í Sambandinu. Í samræmi við afstöðu Sambandsins ætti þessi undanþága ekki að heimila veitingu sérstakrar sendingarþjónustu á sviði fjármála sem ætti áfram að vera bönnuð undir öllum kringumstæðum.

30) Þriðju lönd hafa samþykkt þvingunaraðgerðir í líkingu við þær sem varða ferðir rússneskra stjórnar- og ræðiserindreka um Sambandið, sem og starfsmanna stjórnsýslu-, tækni- eða þjónustudeildar sendiráða eða ræðisstofnana Rússlands eða aðstandenda þeirra. Því þykir rétt að auka upplýsingaskipti við þessi þriðju lönd varðandi möguleg brot á viðkomandi þvingunaraðgerðum.

31) Rétt þykir að innleiða sérstaka undanþágu frá banninu við að veita þjónustu sem tengist ferðaþjónustu í Rússlandi með beinum hætti.

32) Rétt þykir að innleiða sérstaka undanþágu fyrir tilteknar rannsóknastofnanir frá gildandi banni við að þiggja fjármögnun, framlög eða annan efnahagslegan ávinning eða stuðning frá Rússlandi, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti, til að standa undir núverandi skuldbindingum, t.d. að því er varðar rekstur, viðhald, nútímavæðingu eða byggingu viðkomandi rannsóknastofnana.

33) Tilefnislaust og óréttmætt árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu hefur haft víðtæk áhrif, þ.m.t. aukna áhættu og ógnir við gildi Sambandsins, grundvallarhagsmuni, öryggi og allsherjarreglu. Margir herliðar, sem hafa tekið þátt í árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, hvort sem þeir gegna herþjónustu í her Rússneska sambandsríkisins eða í tengdum hernaðarlegum hópum, eru á heimleið til Rússlands eða flytja til þriðju landa. Margir þessara herliða höfðu áður verið sakfelldir og voru fengnir til starfa úr rússneskum fangelsum og sendir á vígstöðvarnar. Þessum herliðum hafa verið innrættar öfgafullar skoðanir með rússneskum aðferðum, hafa orðið vitni að grimmdarverkum gegn úkraínskum borgurum eða hafa sjálfir tekið þátt í stríðsglæpum. Miðað við bakgrunn þeirra og innrætingu stafar almenn hætta á því að þessir einstaklingar

fremji ofbeldisbrot. Ef þeim er leyft að ferðast eða flytja til Evrópu gætu þeir orðið þátttakendur í skipulagðri glæpastarfsemi eða öfgahreyfingum eða útsendarar í fjandsamlegum aðgerðum. Í ljósi víðtækra, fjölþættra hernaðaráætlana Rússlands gætu þessir einstaklingar verið notaðir til að verja orðræðu Rússlands um árásarstríð þess gegn Úkraínu eða tekið þátt í að dreifa villandi upplýsingum, bæði um ástæður allsherjarinnrásarinnar og um framferði Rússlands í stríðinu. Nærvera þessara einstaklinga í Sambandinu er því ógn við gildi, grundvallarhagsmuni og öryggi Sambandsins, sem og allsherjarreglu eða innra öryggi eða alþjóðasamskipti eins eða fleiri aðildarríkja eða Sambandsins í heild. Í ljósi áframhaldandi árásarstríðs Rússlands, stöðugrar stigmögnunar þess og tengdra ákvarðana ráðsins um aðgerðir til að draga úr efnahagslegum og fjárhagslegum samskiptum við Rússland, sem samþykktar hafa verið frá 24. febrúar 2022, þykir rétt að leggja þá skyldu á aðildarríkin að þau synji einstaklingum, sem hafa gegnt virkri herþjónustu í herafla Rússneska sambandsríkisins frá 24. febrúar 2022, eða í hernaðarlegum, hernaðartengdum eða ólögmætum vopnuðum hópum sem tengjast, eru undir stjórn eða starfa eftir fyrirmælum rússneskra stjórnvalda, um útgáfu vegabréfsáritana til stuttrar dvalar í því skyni að stuðla að því að varðveita frið, koma í veg fyrir átök og efla alþjóðaöryggi. Til að tryggja að meðalhófs sé gætt í þeirri ráðstöfun og að ákvarðanir séu teknar á grundvelli einstaklingsbundins framferðis þykir rétt að það bann gildi aðeins um þá sem hafa átt beinan þátt í árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu með þátttöku í hernaðaraðgerðum. Til að auðvelda ræðisskrifstofum að beita þessu banni með samræmdum hætti þykir rétt að fresta beitingu þess þar til ráðið hefur tekið ákvörðun um það, þegar gripið hefur verið til nauðsynlegra aðgerða til framkvæmdar á því. Í samræmi við grundvallarréttindi og frelsi sem viðurkennd eru í sáttmálanum um grundvallarréttindi, einkum réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu eins og hann er viðurkenndur í 7. gr. sáttmálans, ætti það bann ekki að gilda í tilvikum þar sem aðildarríki telur að koma eða för um yfirráðasvæði þess sé nauðsynleg af mannúðarástæðum, vegna þjóðarhagsmuna eða vegna alþjóðlegra skuldbindinga, og ætti ekki að gilda um umsækjendur sem eru andófsmenn eða liðhlaupar úr herafla Rússneska sambandsríkisins eða hernaðarlegum, hernaðartengdum eða ólögmætum vopnuðum hópum sem tengjast, eru undir stjórn eða starfa eftir fyrirmælum rússneskra stjórnvalda. Í slíkum tilvikum ætti að gefa út vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði.

34) Rússnesk löggjöf og dómvenja gera aðilum kleift að leggja fram kröfu fyrir tilteknum rússneskum dómstólum sem síðan taka sér lögsögu yfir deilumálum og kveða upp dóma yfir fyrirtækjum í Sambandinu í tengslum við samninga eða viðskipti sem verða fyrir áhrifum af þvingunaraðgerðum Sambandsins. Til samræmis við það sýna gögn að rússneskir aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, eða aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem starfa í gegnum eða fyrir hönd einhverra þessara rússnesku aðila, rekstrareininga eða stofnana, eða eru í eigu eða undir stjórn slíkra aðila, rekstrareininga eða stofnana, leita eftir eða gætu leitað eftir því að hefja og halda uppi málarekstri í tengslum við ráðstafanir sem komið er á samkvæmt ákvörðunum 2014/145/SSUÖ og 2014/512/SSUÖ og reglugerðum (ESB) nr. 269/2014 og (ESB) nr. 833/2014, eða leita eftir eða gætu leitað eftir því að ná fram viðurkenningu eða fullnustu dóma sem eru kveðnir upp í slíkum málarekstri. Til að viðhalda skilvirkni þvingunaraðgerða Sambandsins er nauðsynlegt að Sambandið grípi til aðgerða til að draga úr áhrifum slíks hátternis með því að krefjast þess að aðildarríki viðurkenni ekki né fullnusti lögbann, úrskurð, úrræði, dóm eða aðrar ákvarðanir dómstóls eða stjórnvalds sem rússneskur dómstóll eða stjórnvald hefur kveðið upp í tengslum við samning eða viðskipti ef ráðstafanir, sem komið er á samkvæmt ákvörðunum 2014/145/SSUÖ og 2014/512/SSUÖ og reglugerðum (ESB) nr. 269/2014 og (ESB) nr. 833/2014, hafa haft áhrif á framkvæmd þeirra, beint eða óbeint, í heild eða að hluta.

35) Rétt þykir að framlengja þá fresti sem gilda um tilteknar undanþágur sem eru nauðsynlegar til að losa um fjárfestingar í Rússlandi. Rekstraraðilar ættu að gera sér ljóst að Rússland er land þar sem réttarreglum er ekki lengur beitt og að Rússneska sambandsríkið hefur samþykkt ýmiss konar lög sem beint er gegn eignum fyrirtækja frá svokölluðum „óvinveittum löndum“, þ.m.t. aðildarríkjum. Þessi staða hefur leitt til viðvarandi hættu á að eignir Sambandsins verði fastar í Rússlandi án möguleika á að ná þeim til baka með skipulegum hætti. Með hliðsjón af þessu er fyrirtækjum í Sambandinu eindregið ráðlagt að grípa til hvers konar mögulegra ráðstafana til að slíta fyrirtækjum í Rússlandi og ekki koma á fót nýjum fyrirtækjum þar. Því miður hefur ný löggjöf, dómar og starfshættir í Rússlandi gert rekstraraðilum í Sambandinu enn erfiðara fyrir að draga sig út af rússneska markaðnum með skipulegum hætti. Því þykir viðeigandi að framlengja gildistíma á undanþágum til að losa um fjárfestingar, til að gera fyrirtækjum í Sambandinu kleift að fara af rússneska markaðnum eins fljótt og auðið er. Aðildarríkin veita framlengingu á þessum undanþágum í hverju tilviki fyrir sig og þær beinast að því að gera það kleift að losa um fjárfestingar með skipulegum hætti, sem væri ekki mögulegt án þess að framlengja þessa fresti.

36) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum ráðstöfunum í framkvæmd.

37) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. aa er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„d) viðskipti, þ.m.t. sölur, sem eru algerlega nauðsynleg vegna slita, fyrir 31. desember 2027, á fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða svipuðu lagalegu fyrirkomulagi sem gert er fyrir 16. mars 2022 og tekur til lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem um getur í 1. mgr.,“.

b) Í stað 3. mgr. a kemur eftirfarandi:

„3a) Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað viðskipti, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sem eru algerlega nauðsynleg til að rekstrareiningarnar sem um getur í 1. mgr. eða dótturfélög þeirra í Sambandinu geti, eigi síðar en 31. desember 2027, losað um fjárfestingar sínar og dregið sig út úr lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu.“

2) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 1. gr. ad:

„8. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað viðskipti sem eru bráðnauðsynleg til að taka út fjármuni eða loka reikningum í eigu eða vörslu ríkisborgara aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, eða einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, í vörslu lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í XVIII. viðauka og sem voru skráð í þeim viðauka 24. júlí 2026 eða síðar, samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað:

a) að viðskiptin séu nauðsynleg til að slíkur einstaklingur geti sagt upp starfsemi, samningum eða öðru samkomulagi sem gert hefur verið við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í XVIII. viðauka,

b) að óskað hafi verið eftir heimildinni eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistökudaginn sem tilgreindur er í XVIII. viðauka fyrir viðkomandi lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í honum,

c) að fjármunirnir séu millifærðir til fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, eða til fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð samkvæmt lögum þriðja lands, sem er í eigu eða undir stjórn fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.

Allar heimildir samkvæmt þessari málsgrein skulu veittar með gildistíma í þrjá mánuði að hámarki.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

9. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað framkvæmd viðskipta við rekstrareiningarnar sem skráð er undir færslu nr. 4 í XVIII. viðauka, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að viðskiptin séu nauðsynleg vegna greiðslu gjalds til lánastofnunar með staðfestu í Sambandinu, sem framkvæmd er á grundvelli söluréttar sem er samþykktur og nýttur á tilhlýðilegan hátt fyrir 28. febrúar 2022.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

3) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 1. gr. ae:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað viðskipti sem eru bráðnauðsynleg til að taka út fjármuni eða loka reikningum í eigu eða vörslu ríkisborgara aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, eða einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, í vörslu lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í XIX. viðauka og voru tilgreind í þeim viðauka 24. júlí 2026 eða síðar, samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað:

a) að viðskiptin séu nauðsynleg til að slíkur einstaklingur geti sagt upp starfsemi, samningum eða öðru samkomulagi sem gert hefur verið við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í XIX. viðauka,

b) að óskað hafi verið eftir heimildinni eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistökudaginn sem tilgreindur er í XIX. viðauka fyrir viðkomandi lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í honum,

c) að fjármunirnir séu millifærðir til fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, eða til fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð samkvæmt lögum þriðja lands, sem er í eigu eða undir stjórn fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.

Allar heimildir samkvæmt þessari málsgrein skulu veittar með gildistíma í þrjá mánuði að hámarki.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

4) Í 1. gr. af er eftirfarandi málsgreinum bætt við:

„2a. Lagt er bann við því að taka þátt í viðskiptum, með beinum eða óbeinum hætti, við hreinsunarstöðvar sem eru á skrá í D-hluta XXI. viðauka. Undir D-hluta XXI. viðauka falla hreinsunarstöðvar í Rússlandi og í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem eru notaðar:

a) til vinnslu eða hreinsunar á hráolíu eða vinnslu eða blöndunar á jarðolíuafurðum sem eru á skrá í XIII. viðauka, eða jarðefnum sem eru upprunnin í Rússlandi, eða

b) með þeim hætti að það stuðli að eða ýti undir brot eða sniðgöngu eða raski verulega á annan hátt ákvæðum þessarar ákvörðunar eða ákvarðana 2014/145/SSUÖ, 2014/386/SSUÖ eða (SSUÖ) 2022/266, eða reglugerða (ESB) nr. 269/2014, (ESB) nr. 692/2014, (ESB) nr. 833/2014 eða (ESB) 2022/263.

2b. Bannið sem um getur í 2. mgr. a gildir að því er varðar færslu nr. 1 í D-hluta XXI. viðauka frá og með 25. janúar 2027. Eigi síðar en 25. október 2026 skal framkvæmdastjórnin gefa ráðinu skýrslu um mat sitt á því hvort viðhalda ætti skráningunni sem um getur í færslu nr. 1 í D-hluta XXI. viðauka.“

5) Í stað inngangsmálsliðarins í fyrstu undirgrein 3. mgr. 1. gr. ag kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg:“

6) Í stað 2. mgr. a í 1. gr. b kemur eftirfarandi:

„2a. Lagt er bann við því, frá og með 18. janúar 2024, að heimila rússneskum ríkisborgurum eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi að eiga eða stjórna, með beinum eða óbeinum hætti, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og veitir þjónustu tengda sýndareignaveski, sýndareignareikningi eða fjárvörslu sýndareigna, eða gegna störfum í stjórnum þeirra. Frá og með 25. ágúst 2026 skal það bann einnig gilda þegar um er að ræða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og veitir aðra þjónustu á sviði sýndareigna, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 ([10])“.

7) Eftirfarandi grein er bætt við:

„1. gr. bc

1. Lagt er bann við því að eiga viðskipti, með beinum eða óbeinum hætti, við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem veitir þjónustu á sviði sýndareigna eða er vettvangur sem gerir skipti eða millifærslu sýndareigna mögulega og er með staðfestu í þriðja landi sem er á skrá í XXX. viðauka.

2. Ákvæði XXX. viðauka skulu einungis taka til þriðju landa sem ráðið hefur tilgreint að hafi kerfisbundið og ítrekað mistekist að koma í veg fyrir veitingu þjónustu á sviði sýndareigna, eða koma í veg fyrir vettvanga þar sem skipst er á sýndareignum eða þær millifærðar, sem raskar ákvæðum þessarar ákvörðunar og ákvörðunar 2014/145/SSUÖ, eða reglugerða (ESB) nr. 269/2014 og (ESB) nr. 833/2014.

3. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti ríkisborgara aðildarríkis sem eru búsettir í landi sem skráð er í XXX. viðauka og voru það fyrir viðkomandi dagsetningu, sem tilgreind er í þeim viðauka.“

8) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 1. gr. e:

„3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað viðskipti sem eru bráðnauðsynleg til að taka út fjármuni eða loka reikningum í eigu eða vörslu ríkisborgara aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, eða einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, í vörslu lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í VIII. viðauka og voru tilgreind í þeim viðauka 24. júlí 2026 eða síðar, samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað:

a) að viðskiptin séu nauðsynleg til að slíkur einstaklingur geti sagt upp starfsemi, samningum eða öðru samkomulagi sem gert hefur verið við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í VIII. viðauka,

b) að óskað hafi verið eftir heimildinni eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistökudaginn sem tilgreindur er í VIII. viðauka fyrir viðkomandi lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í honum,

c) að fjármunirnir séu millifærðir til fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, eða til fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð samkvæmt lögum þriðja lands, sem er í eigu eða undir stjórn fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.

Allar heimildir samkvæmt þessari málsgrein skulu veittar með gildistíma í þrjá mánuði að hámarki.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

9) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 1. gr. k:

„2a. Bannið í 2. mgr. gildir ekki um veitingu aðgangs að tölvufarskráningarkerfi eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 80/2009 ([11])“ eða sérhverri reglugerð sem kemur í stað hennar.

10) Ákvæðum 1. gr. p er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja við-eigandi, að Evrópska rannsóknastofnunin fyrir röntgengeisla með ótengdum elektrónum (e. *European X-Ray Free-Electron Laser Facility* (EuXFEL)), Rannsóknastofnunin fyrir andróteinda- og jónarannsóknir í Evrópu (e. *Facility for Antiproton and Ion Research in Europe* (FAIR)) og Evrópska rannsóknastofnunin fyrir samhraðalsgeislun (e. *European Synchrotron Radiation Facility* (ESRF)) taki við framlögum, efnahagslegum ávinningi eða stuðningi, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsaðstoð, að því tilskildu að slík framlög, efnahagslegur ávinningur eða stuðningur, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsaðstoð, byggist á alþjóða-samningum við ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. eða 3. mgr. a innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

11) Í stað e-liðar 4. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„e) fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet, sem eru ekki eign rekstrareiningar sem er undir stjórn eða meira en 50% í eigu hins opinbera,“.

12) Í stað e-liðar 4. mgr. 3. gr. a kemur eftirfarandi:

„e) fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet, sem eru ekki eign rekstrareiningar sem er undir stjórn eða meira en 50% í eigu hins opinbera,“.

13) Ákvæðum 4. gr. k er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 3. mgr. bb falla brott.

b) Í stað 3. mgr. bc kemur eftirfarandi:

„3bc. Frá og með 26. janúar 2026 til 31. desember 2026 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki um kaup eða innflutning til Ungverjalands á vörum sem falla undir SN-númer 2901 10 00 og eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi, að því tilskildu að vörurnar séu ætlaðar eingöngu til nota í Ungverjalandi.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3bg. Að því er varðar tiltekin málmgrýti, málma, íðefni, glervörur, furuolíu og bílahluti gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki um efndir fram til 25. október 2026 á samningum sem gerðir voru fyrir 24. júlí 2026 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga.“

d) Ákvæði 3. mgr. cg falla brott.

e) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu stýra magni innflutningskvóta, sem sett er fram í 3. mgr. ch, 3. mgr. h og 4. mgr. þessarar greinar, í samræmi við stjórnunarkerfið fyrir tollkvóta sem kveðið er á um í 49.–54. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2447.“

f) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„7. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa grein.“

14) Ákvæðum 4. gr. m er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 3. mgr. ak falla brott.

b) Í stað e-liðar 4. mgr. a kemur eftirfarandi:

„e) vörum sem falla undir SN-númer 7615 10, SN-númer 8414 51, SN-númer 8414 60, SN-númer 8422 30 og SN-númer 8423 10,“.

c) Í stað 4. mgr. g kemur eftirfarandi:

„4g. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, útflutning og tilflutning vara sem falla undir SN-númer 8517 62 og 8523 52, sem eru á skrá í XXIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, að því tilskildu að þær séu ætlaðar fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet sem eru ekki í eigu rekstrareiningar sem er undir stjórn eða meira en 50% í eigu hins opinbera.“

15) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 4. gr. o:

„11. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, kaup, innflutning eða tilflutning á hráolíu eða jarðolíuafurðum sem eru á skrá í XIII. viðauka og eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar þaðan út, sem og veitingu tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu, fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar eða hvers konar annarrar tengdrar þjónustu, eftir að hafa gengið úr skugga um að:

a) stjórnvald aðildarríkis hafi lagt hald á viðkomandi vörur eða gert þær upptækar við innlenda stjórnsýslu- eða dómsmeðferð,

b) viðkomandi vörur séu áfram undir skilvirku eftirliti stjórnvalda aðildarríkis eða rekstrareiningar sem kemur fram fyrir hönd þessara stjórnvalda þann tíma sem vörurnar eru í þeirra vörslu, umsjón og geymslu, allt þar til möguleg sala þeirra fer fram,

c) aðgerðirnar sem um getur í b-lið leiði ekki til, með beinum eða óbeinum hætti, framkvæmdar neinna greiðslna eða að efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur í þágu rússneskra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana eða þeirra sem hafa staðfestu í Rússlandi.“

16) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 4. gr. oa:

„3. Lögbær stjórnvöld geta, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að innflytjendur þurfi ekki að leggja fram sönnun fyrir upprunalandi hráolíunnar sem er notuð til að hreinsa afurðina í þriðja landi, eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr., eftir að hafa gengið úr skugga um að:

a) viðkomandi jarðolíuafurðir séu ætlaðar til notkunar á ystu svæðum, í skilningi 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, eða landi eða yfirráðasvæði handan hafsins sem tengist Sambandinu í skilningi 198. gr. þess sáttmála,

b) sannað þyki að hætta sé á röskun eða alvarlegri röskun á afhendingu jarðolíuafurða vegna sérstakra landfræðilegra eða flutningslegra takmarkana eða birgðatakmarkana, sem einkum eiga við um þessi svæði, lönd eða yfirráðasvæði, og

c) engar aðrar birgðalindir séu tiltækar til að tryggja samfelldan birgðaflutning til viðkomandi svæðis, lands eða yfirráðasvæðis við skilyrði sem eru fjárhagslega og skipulagslega hagkvæm.“

17) Ákvæðum 4. gr. p er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar 6. mgr. b kemur eftirfarandi:

„b) um flutninga, eða um tækniaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist slíkum flutningum, á vörunum sem um getur í A-hluta XII. viðauka til þeirra þriðju landa sem þar eru nefnd, á því tímabili sem tilgreint er í þeim viðauka.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„13. Skuldbinding framkvæmdastjórnarinnar sem sett er fram í 12. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. útreikningur á meðalmarkaðsverði rússneskrar hráolíu yfir 22 vikna tímabil, birting tilkynningar um það meðalmarkaðsverð og breytingin á XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, skal felld niður tímabundið frá 24. júlí 2026.

14. Eigi síðar en 15. janúar 2027 skal framkvæmdastjórnin reikna út, á grundvelli verðmats sem viðurkenndar skýrslugjafarstofnanir hafa látið í té, meðalmarkaðsverð rússneskrar hráolíu yfir 22 vikna tímabil sem hefst 25. júní 2026 og gefa ráðinu skýrslu um þetta nýlega útreiknaða verð.

Á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skal ráðið endurskoða verðþakið og getur ákveðið, að fenginni sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúanum og framkvæmdastjórninni, að breyta XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Breytta verðþakið gildir frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir gildistöku slíkrar breytingar á XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014.

Taki ráðið ekki ákvörðun skal gildandi verðþak vera áfram til staðar.

Frá og með 15. júlí 2027 skal taka að nýju upp þá málsmeðferð að breyta þaki á olíuverð sem sett er fram í 12. mgr. þessarar greinar.“

18) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 4. gr. pb:

„5. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, tímabundna geymslu og vistun hráolíu eða jarðolíuafurða, sem eru á skrá í XIII. viðauka við þessa ákvörðun, samkvæmt málsmeðferð á frísvæðinu skv. 3. mgr. 245. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013, á yfirráðasvæði Sambandsins ef vörurnar eru upprunnar í eða fluttar út frá Rússlandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að:

a) stjórnvald aðildarríkis hafi lagt hald á viðkomandi vörur eða gert þær upptækar við innlenda stjórnsýslu- eða dómsmeðferð,

b) viðkomandi vörur verði áfram undir skilvirku eftirliti stjórnvalda aðildarríkis eða rekstrareiningar sem kemur fram fyrir hönd þessara stjórnvalda.“

19) Ákvæðum 4. gr. r er breytt sem hér segir:

a) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2026“ í 1. mgr. kemur „31. desember 2027“.

b) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2026“ í 1. mgr. a kemur „31. desember 2027“.

c) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2026“ í 2. mgr. kemur „31. desember 2027“.

d) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2026“ í 2. mgr. a kemur „31. desember 2027“.

20) Eftirfarandi grein er bætt við:

„4. gr. va

1. Tilkynna skal lögbærum stjórnvöldum aðildarríkis þar sem eigandi skips er ríkisborgari, hefur búsetu eða staðfestu, tafarlaust um sölu, eða annað fyrirkomulag sem felur í sér yfirfærslu á eignarhaldi, til þriðja lands af hálfu ríkisborgara aðildarríkis, einstaklings sem hefur búsetu í aðildarríki eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu í Sambandinu á tankskipum fyrir fljótandi jarðgas sem falla undir SN-númer úr 8901 20.

Tilkynningin til lögbærs stjórnvalds skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) deili á seljanda og kaupanda,

b) eftir atvikum, stofnsamþykktir seljanda og kaupanda, þ.m.t. hlutafjáreign og stjórnendur,

c) auðkennisnúmer Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir skipið og

d) kallmerki skipsins.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja tilkynningu skv. 1. mgr. innan einnar viku frá því að hún er gerð.

3. Á grundvelli mats framkvæmdastjórnarinnar á upplýsingunum sem veittar eru skv. 1. og 2. mgr. skal ráðið endurskoða, eigi síðar en 25. október 2026, hvort bann, eins og kveðið er á um í 4.–9. mgr., ætti að öðlast gildi.

4. Lagt er bann við því, frá þeim degi sem ráðið ákveður skv. 10. mgr., að ríkisborgarar aðildarríkis, einstaklingar sem eru búsettir í aðildarríki og lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Sambandinu selji eða yfirfæri með öðrum hætti eignarhald, með beinum eða óbeinum hætti, á tankskipum fyrir fljótandi jarðgas sem falla undir SN-númer úr 8901 20, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til nota þar í landi.

5. Í samræmi við 4. mgr. skulu ríkisborgarar aðildarríkis, einstaklingar sem eru búsettir í aðildarríki og lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Sambandinu, sem selja eða yfirfæra með öðrum

hætti eignarhald, með beinum eða óbeinum hætti, til aðila, rekstrareininga og stofnana í þriðja landi, á tankskipum fyrir fljótandi jarðgas sem falla undir SN-númer úr 8901 20:

a) gera viðeigandi ráðstafanir, í réttu hlutfalli við eðli þeirra og umfang, til að greina og meta áhættuna af áframsendingu til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar þar í landi,

b) koma á viðeigandi stefnum, eftirliti og verklagsreglum, sem hæfa eðli þeirra og umfangi, til að milda og stýra með skilvirkum hætti þeirri áhættu sem um getur í a-lið.

6. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem um getur í 5. mgr. sem kaupa tankskip fyrir fljótandi jarðgas skulu veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ljúka við skrefin sem um getur í a-lið þeirrar málsgreinar.

7. Í þeim skrefum sem um getur í a-lið 5. mgr. skal fjalla um allar viðeigandi upplýsingar sem eru tiltækar þegar sala eða yfirfærsla á sér stað.

8. Sala eða annað fyrirkomulag ríkisborgara aðildarríkis, einstaklings sem er búsettur í aðildarríki eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu í Sambandinu, sem felur í sér yfirfærslu eignarhalds til þriðja lands á tankskipi fyrir fljótandi jarðgas sem fellur undir SN-númer úr 8901 20, skal innihalda skriflegt, samningsbundið bann við frekari endursölu eða tilflutningi skipsins til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar þar í landi.

9. Salan eða fyrirkomulagið sem um getur í 8. mgr. skal einnig innihalda skrifleg samningsákvæði sem kveða á um að aðilinn í þriðja landi sem kaupir skipið:

a) skuldbindi sig til að endurspegla bannið í 8. mgr. við hvers kyns frekari endursölu eða tilfærslu sem hann kann að ráðast í og

b) skuldbindi kaupanda skipsins, við frekari endursölu eða tilfærslu, til að setja skrifleg samningsákvæði sem eru jafngild þeim sem krafist er í 8. mgr. og í þessari málsgrein.

10. Ákvæði 4.–9. mgr. gilda frá gildistökudegi ákvörðunar sem ráðið skal samþykkja að fenginni tillögu frá æðsta fulltrúanum, sem byggist á mati framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 3. mgr.“

21) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við í 4. gr. wa:

„4. Bönnin í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar gilda ekki um flutning með skipi eða um tækniaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist slíkum flutningi, á þeim vörum sem eru á skrá í B-hluta XII. viðauka til þriðju landa sem þar eru nefnd, á því tímabili sem tilgreint er í þeim viðauka.

5. Með fyrirvara um 4. mgr. gildir 1. mgr. ekki fyrr en 25. júlí 2027 og eftir það í samfelldum eins árs tímabilum nema ráðið ákveði, eftir árlega endurskoðun, annað varðandi tilflutning og, ef við á, kaup sem tengjast þessum tilflutningi og eru ætluð þriðju löndum þegar bæði tilflutningurinn og kaupin eru framkvæmd samkvæmt samningum sem gerðir voru fyrir 24. febrúar 2022 til lengri tíma en eins árs og var ekki breytt eftir þann dag nema slík breyting takmarkist við:

a) lækkun á umsömdu magni,

b) þegar um er að ræða kaupsamninga, lækkanir á verði og gjöldum,

c) breytingu á ákvæðum um trúnaðarkvaðir,

d) breytingu á verklagsreglum, t.d. verklagsreglum um fjarskipti,

e) breytingar á heimilisföngum samningsaðila,

f) tilfærslu á samningsbundnum skyldum milli tengdra fyrirtækja,

g) breytinga sem krafist er vegna meðferðar fyrir dómstóli eða gerðardómi eða

h) þegar um er að ræða kaupsamninga, breytingar, þegar um landlukt lönd er að ræða, milli afhendingarstaða innanlands.

Tímabundna undanþágan frá banninu í 1. mgr. þessarar greinar við tilflutningi á fljótandi jarðgasi, eins og sett er fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skal einungis gilda á tilteknu ári um allt það árlega magn fljótandi jarðgass, sem er upprunnið í Rússlandi eða flutt út þaðan á árinu 2025, sem einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem um getur í 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 833/2014, flytur samkvæmt gildandi langtímasamningum viðkomandi aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, eins og tilgreint er í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, án tillits til áfangastaðar. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir sem flytja fljótandi jarðgas, sem er upprunnið í eða flutt út frá Rússlandi til þriðju landa, skulu gefa lögbærum stjórnvöldum aðildarríkisins, þar sem þau hafa staðfestu, eigi síðar en 25. ágúst 2026, skýrslu

um viðeigandi magn fyrri flutninga og aðildarríkið skal veita framkvæmdastjórninni þær upplýsingar án ástæðulausrar tafar.

Endurskoða skal reglubundið þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari málsgrein.

Eigi síðar en 25. júní 2027 og á 12 mánaða fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið mat á efnahagslegum áhrifum þeirra ráðstafana, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, á Rússland. Þetta mat má leggja fram fyrir þann tíma ef framkvæmdastjórnin telur það réttlætanlegt.

Ráðið skal, á grundvelli mats framkvæmdastjórnarinnar, endurskoða árlega og án ástæðulausrar tafar framkvæmd þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari málsgrein í ljósi efnahagslegra áhrifa þeirra og markmiða þessarar ákvörðunar.

Að lokinni endurskoðun sinni getur ráðið, að fenginni tillögu frá æðsta fulltrúanum, ákveðið að stytta, framlengja eða fella tímabundnu undanþáguna í þessari málsgrein úr gildi, að teknu tilliti til skilvirkni bannsins í þessari grein sem og sérstakra aðstæðna tiltekinna aðildarríkja og efnahagslegra aðstæðna einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem um getur í 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 833/2014.

Eigi síðar en 25. ágúst 2026 og á þriggja mánaða fresti eftir það skulu einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir, sem um getur í 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 833/2014, sem fara í tilflutning, eða kaup í tengslum við slíkan tilflutning, fljótandi jarðgass, sem er upprunnið í Rússlandi eða flutt út þaðan til þriðju landa, tilkynna lögbærum stjórnvöldum aðildarríkisins þar sem þau hafa staðfestu, a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um hverja sendingu, eins og þær liggja fyrir, vegna tilflutnings eða kaupa í tengslum við þann tilflutning og skulu þau aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni án ástæðulausrar tafar um:

a) tilvísunarnúmer farms eða númer farmbréfs,

b) auðkennisnúmer skips (IMO), heiti, fánaríki og gerð skips,

c) dagsetningu, höfn og miðstöð lestunar og losunar,

d) lokaákvörðunarstað,

e) það magn sem hefur verið lestað og losað,

f) tímalengd samnings,

g) samningsvirði hvers farms og vergar tekjur sem tengjast hverri vörusendingu,

h) nafn kaupanda og þess sem nýtur ávinnings að lokum,

i) nafn seljanda og farmsendanda.

Aðildarríki og framkvæmdastjórnin skulu tryggja vernd trúnaðarupplýsinga sem aflað er við beitingu þessarar greinar í samræmi við lög Sambandsins og viðeigandi landslög.

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að trúnaðarflokkaðar upplýsingar, sem veittar eru eða skipst er á samkvæmt þessari grein, séu ekki færðar niður um flokk eða trúnaði létt af þeim án skriflegs fyrirframsamþykkis upphafsaðila þeirra.“

22) Í stað 4. gr. wb kemur eftirfarandi:

„4. gr. wb

Frá og með 1. janúar 2027 er lagt bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er meira en 50% í eigu eða með beinum eða óbeinum hætti undir stjórn rússnesks ríkisborgara eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi, þjónustu birgðastöðva fyrir fljótandi jarðgas.

Lagt er bann við því að viðhalda samningum sem varða þjónustu fyrir fljótandi jarðgas samkvæmt þessari grein eftir 1. janúar 2027.“

23) Eftirfarandi liðum er bætt við í 2. mgr. 4. gr. x:

„h) veita þjónustu vegna skipa sem tilgreind eru í a- til g-lið, s.s. þjónustu tengda eldsneytistöku og dráttarbátaþjónustu, eða

i) framkvæma umskipun milli skipa sem eru tilgreind í a- til h-lið.“

24) Í stað 5. mgr. 5. gr. d kemur eftirfarandi:

„5. Aðildarríkin skulu upplýsa ráðið, Ísland, Liechtenstein, Noreg og Sviss um þau tilvik þar sem ekki er staðið við skuldbindinguna í 1. mgr.“

25) Eftirfarandi grein er bætt við:

„5. gr. f

1. Umsækjendum, sem gegna eða hafa gegnt virkri herþjónustu frá 24. febrúar 2022 í herafla Rússneska sambandsríkisins eða hernaðarlegum, hernaðartengdum eða ólögmætum vopnuðum hópum sem tengjast, eru undir stjórn eða starfa eftir fyrirmælum rússneskra stjórnvalda, skal synjað um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar hafi þeir umsækjendur átt beinan þátt í árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu með þátttöku í hernaðaraðgerðum. Umsóknum skal hafnað á grundvelli ógnar við allsherjarreglu eða innra öryggi eða ógnar við alþjóðatengsl einhvers aðildarríkjanna.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki í tilvikum þar sem aðildarríki telur að koma eða för um yfirráðasvæði þess sé nauðsynleg af mannúðarástæðum, vegna þjóðarhagsmuna eða vegna alþjóðlegra skuldbindinga, og gilda ekki um umsækjendur sem leggja fram óyggjandi sönnunargögn um að þeir séu andófsmenn eða liðhlaupar úr herafla Rússneska sambandsríkisins eða einhverjum þeirra hópa sem um getur í þeirri málsgrein. Í slíkum tilvikum skal gefa út vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði. Slík vegabréfsáritun skal gilda á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem gaf hana út. Í undantekningartilvikum má hún gilda á yfirráðasvæðum fleiri en eins aðildarríkis, með fyrirvara um samþykki hvers og eins þeirra.

3. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skulu koma til framkvæmda með fyrirvara um og í samræmi við reglur og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í viðeigandi regluramma um vegabréfsáritanir, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 ([12]).

4. Ráðið skal, að fenginni tillögu frá æðsta fulltrúanum, ákveða gildistöku þeirra ráðstafana sem settar eru fram í þessari grein, að því tilskildu að gripið hafi verið til nauðsynlegra aðgerða sem gera kleift að hrinda þessum ráðstöfunum í framkvæmd, þ.m.t., þar sem við á, í tengslum við viðeigandi regluramma um vegabréfsáritanir.

26) Í stað 4. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbæru stjórnvöldin, á grundvelli sérstaks mats í hverju tilviki fyrir sig til 31. desember 2027, heimilað fullnustu kröfu sem sett er fram af hálfu aðilanna, rekstrareininganna og stofnananna sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr., samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að fullnusta kröfunnar sé algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi.“

27) Í 7. gr. a er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„3. Ekki skal viðurkenna, veita réttaráhrif eða fullnusta í aðildarríki lögbann, úrskurð, úrræði, dóm eða aðra ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds sem byggist á eða leiðir af gr. 248.1 eða gr. 248.2 í lögum Rússneska sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða sambærilegri rússneskri löggjöf eða sem rússneskur dómstóll eða stjórnvald hefur kveðið upp eða tekið á grundvelli annarra laga Rússneska sambandsríkisins og felur í sér að aðili sem um getur í c- eða d-lið 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 er talinn ábyrgur, hvort sem er samkvæmt samningi, skaðabótarétti eða á öðrum lagagrundvelli, eða viðurkenna með beinum eða óbeinum hætti kröfu, rétt eða meinta skuldbindingu gagnvart slíkum aðila, m.a. í samhengi við ógjaldfærni, gjaldþrot, endurskipulagningu eða sambærilega málsmeðferð, í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa orðið fyrir áhrifum, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, af þeim ráðstöfunum sem komið er á samkvæmt þessari ákvörðun.“

28) Í stað 8. gr. c kemur eftirfarandi:

„8. gr. c

Ráðið skal, einróma á grundvelli 29. og 30. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, gera breytingar á I., II., III., IV., V., VI., VIII., IX., X., XI., XIV., XVI., XVII., XVIII., XIX., XX., XXI., XXII., XXIII., XXIV., XXV., XXVI., XXVII., XXVIII., XXIX. og XXX. viðauka.“

29) Viðaukunum við ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 23. júlí 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

T. BYRNE

([1]) Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2014/512/oj).
([2]) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1495 frá 18. júlí 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L, 2025/1495, 19.7.2025, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2025/1495/oj).
([3]) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2014/833/oj).
([4]) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/2032 frá 23. október 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L, 2025/2032, 23.10.2025, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2025/2032/oj).
([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj).
([6]) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/508 frá 23. apríl 2026 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L, 2026/508, 23.4.2026, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2026/508/oj).
([7]) Reglugerð ráðsins (ESB) 2026/506 frá 23. apríl 2026 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L, 2026/506, 23.4.2026, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2026/506/oj).
([8]) Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtíð. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2014/145(1)/oj).
([9]) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtíð. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2014/269/oj).
([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj).“
([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 80/2009 frá 14. janúar 2009 um hátternisreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2299/89 (Stjtíð. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 47, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2009/80/oj).“
([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir (vegabréfsáritunarreglurnar) (Stjtíð. ESB L 243, 15.9.2009, bls. 1, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2009/810/oj).“

VIÐAUKI

Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: https://data.europa.eu/eli/dec/2026/1849/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: https://eurlex.europa.eu.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 7.46.

Leiðrétting á ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/90652

frá 31. júlí 2026

um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

Á blaðsíðu 14, í b-lið 17. liðar 1. gr., varðandi viðbót 13. mgr. í 4. gr. p í ákvörðun 2014/512/SSUÖ:

í stað:

„13. Skuldbinding framkvæmdastjórnarinnar sem sett er fram í 12. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. útreikningur á meðalmarkaðsverði rússneskrar hráolíu yfir 22 vikna tímabil, birting tilkynningar um það meðalmarkaðsverð og breytingin á XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, skal felld niður tímabundið frá 24. júlí 2026.“

kemur:

„13. Skuldbinding framkvæmdastjórnarinnar sem sett er fram í 12. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. útreikningur á meðalmarkaðsverði rússneskrar hráolíu yfir 22 vikna tímabil, birting tilkynningar um það meðalmarkaðsverð og breytingin á XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, skal felld niður tímabundið frá 24. júlí 2026 til 14. júlí 2027.“

Fylgiskjal 8.36.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2026/1848

frá 23. júlí 2026

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1849 frá 23. júlí 2026 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu ([1]),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014 ([2]).

2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar ráðstafanir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ ([3]).

3) Hinn 23. júlí 2026 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 sem breytir ákvörðun 2014/512/SSUÖ.

4) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er undanþágum breytt til að tryggja áframhaldandi útvegun vara og þjónustu sem nauðsynlegar eru til að viðhalda grunninnviðum netsins í Rússlandi fyrir almenning.

5) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er 51 rekstrareiningu bætt við IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ. Þessar rekstrareiningar eru hluti af hergagnaiðnaði í Rússlandi eða hafa viðskiptaleg eða önnur tengsl við eða styðja á annan hátt við hergagnaiðnað í Rússlandi eða svið varnar- og öryggismála þess. Lagðar verða á þessar rekstrareiningar þrengri útflutningstakmarkanir varðandi vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og varðandi vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu á sviði varnar- og öryggismála Rússlands. Meðal rekstrareininga sem með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er bætt við framangreindan viðauka eru rekstrareiningar í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem stuðla óbeint að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands og gera þannig sniðgöngu þvingunaraðgerða mögulega eða vinna gegn tilgangi þeirra, þ.m.t. þvingunaraðgerðir Sambandsins vegna örrásartækni, tölvustýringarvéla og búnaðar fyrir vinnslu hálfleiðara.

6) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 þykir rétt að víkka út skrána yfir atriði sem gætu stuðlað að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða að þróun á sviði varnarmála og öryggismála þess, með því að skrá hluti sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hluti sem stuðla að þróun eða framleiðslu á hernaðarkerfum Rússlands, þ.m.t. nikkelduft, nikkelmálm og málmblöndur úr nikkel sem eru notaðar í tæringarþolna húðun í þotuhreyflum, beryllíumduft sem er notað í drifefni og í öflugar málmblöndur, sjálflímandi filmur, límbönd og strimla sem eru notuð í flugvélageiranum og á sviði varnarmála, flugtengdan búnað sem er sértækur fyrir ómönnuð loftför, s.s. stuðningsbúnað á jörðu, kerfi til truflunar eða inngrips, skotbúnað og stýrihreyfla og flugstöðvunarkerfi fyrir ómönnuð loftför eða flugskeyti.

7) Auk þess þykir með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 rétt að taka upp frekari takmarkanir á innflutning á vörum sem skapa umtalsverðar tekjur fyrir Rússland og gera því þar með kleift að halda árásarstríði sínu gegn Úkraínu áfram, þ.m.t. takmarkanir á kopargrýti, nikkelgrýti, blýgrýti, góðmálmsgrýti, óunnið sink, alkalíska jarðmálma, tiltekin ólífræn íðefni (sinkoxíð og krómoxíð), furuolíu, glervöru og bílahluti.

8) Rétt þykir að gera lögbærum innlendum stjórnvöldum kleift að farga með öruggum hætti þeim förmum af rússneskri olíu sem þau leggja hald á og gera upptæka. Í því skyni eru með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 innleiddar tvær undanþágur til að gera viðeigandi starfsemi mögulega, s.s. innflutning, tilflutning, geymslu, stjórnun og sölu.

9) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er innleiddur sá möguleiki að lögbær stjórnvöld heimili, samkvæmt ströngum skilyrðum, innflytjendum að leggja ekki fram sannanir fyrir upprunalandi hráolíunnar, að því er varðar afhendingu jarðolíuafurða sem eru fengnar í þriðja landi til ystu svæðanna og landa og yfirráðasvæða handan hafsins sem tengjast Sambandinu, vegna sérstakra landfræðilegra einkenna þessara svæða, landa og yfirráðasvæða og birgðatakmarkana þeirra, til að bregðast við tilvikum þar sem erfitt er að afla sannana fyrir upprunanum.

10) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er gildistími undanþágu frá verðþaki fyrir olíu framlengdur en með henni er heimilt, í ljósi orkuöryggissjónarmiða, að flytja hráolíu sem er upprunnin í Sakhalin-2 verkefninu í Rússlandi með skipi til Japans.

11) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er innleidd tímabundin stöðvun á breytingu á verðþaki á hráolíu. Í ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1495 ([4]) er kveðið á um aðferð til að breyta verðþakinu fyrir rússneska hráolíu með hliðsjón af meðalmarkaðsverði rússneskrar hráolíu. Eins og fram kemur í ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 er þeirri aðferð ætlað að tryggja að verðþak fyrir hráolíu sé ávallt nægilega lágt til að draga úr tekjum Rússlands af olíuútflutningi, að teknu tilliti til fyrri verðsveiflna. Að teknu tilliti til nýlegra og óvenjulegra raskana á mörkuðum fyrir hráolíu og jarðolíuafurðir og til að tryggja að markmiðum með verðþaki á hráolíu verði áfram náð með skilvirkum hætti þykir rétt að fresta breytingum á því verðþaki. Jafnframt þykir rétt að kveða á um bráðabirgðaendurskoðun á þessari frestun til að tryggja að fyrirkomulagið sé áfram nauðsynlegt og í réttu hlutfalli með hliðsjón af markaðsþróun. Ráðið ætti að hafa möguleika á að ákveða að breyta verðþakinu eftir þá bráðabirgðaendurskoðun. Taki ráðið ekki ákvörðun verður gildandi verðþak áfram til staðar. Frá og með 15. júlí 2027 verður upprunalegt verklag við breytingar á verðþakinu tekið upp að nýju með birtingu framkvæmdastjórnarinnar, á þeirri dagsetningu, á tilkynningu með nýja verðþakinu og breytingunni á XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, í samræmi við 11. mgr. 3. gr. n og 7. gr. a þeirrar reglugerðar.

12) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er innleidd undanþága frá banninu við tilfærslu og veitingu á tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða fjármagni eða fjárhagsaðstoð í tengslum við tilflutning á fljótandi jarðgasi, sem er upprunnið í eða flutt út frá Rússlandi, til þriðju landa. Þessi undanþága miðar að því að milda skaðlegar afleiðingar á orkubirgðir tiltekinna samstarfslanda.

13) Ákvörðun (SSUÖ) 2025/2032 ([5]) breytti ákvörðun 2014/512/SSUÖ í því skyni að leggja bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á fljótandi jarðgasi sem er upprunnið í eða flutt út frá Rússlandi. Bannið gildir um kaup og flutninga inn í Sambandið og til þriðju landa.

14) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er innleidd tímabundin undanþága að því er varðar tilflutning eða kaup í tengslum við tilflutning fljótandi jarðgass sem er upprunnið í eða flutt út frá Rússlandi, þegar tilflutningur eða kaup í tengslum við hann er ætlað fyrir þriðju lönd. Til að tryggja að tímabundna undanþágan grafi ekki undan markmiðum þvingunaraðgerða Sambandsins ætti í því ákvæði að mæla sérstaklega fyrir um reglu þess efnis að heildarflutningur fljótandi jarðgass frá Rússlandi, sem rekstraraðilar í Sambandinu flytja til þriðju landa samkvæmt tímabundnu undanþágunni, fari ekki yfir árlegt magn fljótandi jarðgass sem er upprunnið í eða flutt út frá Rússlandi á árinu 2025 og komast þannig hjá því að útflutningstekjur Rússlands aukist við slíka tilflutninga. Til að tryggja að tímabundna undanþágan haldi áfram að þjóna markmiðum þvingunaraðgerða Sambandsins, með tilliti til þróunar sem hefur áhrif á rekstraraðila í Sambandinu, ætti framkvæmdastjórnin að meta ráðstafanirnar reglulega og leggja mat sitt fyrir ráðið. Á grundvelli þessa mats ætti ráðið að endurskoða framkvæmd tímabundnu undanþágunnar og, eftir því sem við á, geta ákveðið að stytta hana, framlengja eða fella hana úr gildi.

15) Til að tryggja réttaröryggi og skipulega niðurfellingu í áföngum á starfsemi sem fellur undir reglugerð (ESB) nr. 833/2014 þykir rétt að skýra að tímabundna undanþágan varðandi kaup og tilflutning á fljótandi jarðgasi sem ætlað er fyrir þriðju lönd ætti einungis að gilda þegar kaup tengjast tilflutningi sem rekstraraðili í Sambandinu framkvæmir. Slíkur tilflutningur ætti að fara fram á grundvelli langtímasamnings um afhendingu á fljótandi jarðgasi, að undanskildum jarðgasafleiðum, sem gildir lengur en í eitt ár, sem var gerður fyrir 24. febrúar 2022 og sem hefur ekki verið breytt eftir þá dagsetningu nema í takmörkuðum tilgangi, sem heimilaður er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Auk þess ætti að framkvæma kaupin sjálf í tengslum við þann tilflutning samkvæmt langtímasamningi til lengri tíma en eins árs, sem gerður var fyrir 24. febrúar 2022 og sem hefur ekki verið breytt eftir þá dagsetningu nema í þeim sama takmarkaða tilgangi. Slíkir langtímasamningar verða allajafna að innihalda alla nauðsynlega þætti varðandi gildi sitt og framkvæmd viðskipta, s.s. upplýsingar um aðila, verð, magn, afhendingardaga, fermingar- eða afhendingarstað og fyrirkomulag framkvæmdar. Samningar þar sem frekara samkomulags milli samningsaðila er krafist vegna slíkra þátta falla ekki undir tímabundnu undanþáguna, að undanskildum breytingum er varða takmarkaða tilganginn sem er sérstaklega heimilaður samkvæmt þessari reglugerð, t.d. varðandi verklagsreglur eins og árlegar afhendingaráætlanir eða aðrar svipaðar, venjubundnar aðlaganir í rekstri. Breytingar á slíkum þáttum á grundvelli einhliða samningsákvæða sem hinn samningsaðilinn getur ekki andmælt útiloka ekki gildissvið tímabundnu undanþágunnar. Banna ætti öll önnur kaup sem tengjast ekki sérstökum tilflutningi rekstraraðila í Sambandinu frá og með 1. janúar 2027. Þar eð frá og með þeim degi er ekki lengur hægt að gera slík kaup löglega nema þau séu áfram tengd tilflutningi rekstraraðila í Sambandinu sem falla undir skilyrði tímabundnu undanþágunnar, er ljóst að vegna þess að af þessu leiðir að ómögulegt er að uppfylla samninginn má skírskota til ákvæða um óviðráðanlegt atvik í þeim tilgangi að segja upp gildandi

samningsskuldbindingum, að því marki sem ekki er hægt að halda áfram að uppfylla þær skuldbindingar í tengslum við tilflutning sem rekstraraðilar í Sambandinu framkvæma.

16) Að því er varðar bannið við að veita þjónustu birgðastöðva fyrir fljótandi jarðgas er gildissvið þess skilgreint nánar í ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849.

17) Sambandið hefur þegar tekið upp sérstakar tilgreiningar tiltekinna skipa í því skyni að skerða starfsemi þeirra. Slík starfsemi gæti treyst á þjónustu, eins og eldsneytistöku, dráttarþjónustu og tilflutning milli skipa, frá skipum í þriðja landi. Til að taka á slíkri þjónustu og koma í veg fyrir hana þykir rétt að útvíkka gildissvið viðmiðana fyrir þessar tilgreiningar svo að þær nái yfir skipin sem veita slíka þjónustu. Í ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 eru innleiddar viðbótartilgreiningar á skipum.

18) Rússland hefur umtalsverðar tekjur af sölu olíu. Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er lagt bann við hvers konar viðskiptum við hreinsunarstöðvar í Rússlandi og í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem eru notaðar til vinnslu eða hreinsunar á hráolíu eða vinnslu eða blöndunar jarðolíuafurða sem eru á skrá í XXV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, eða á jarðefnum sem eru upprunnin í Rússlandi eða á hreinsunarstöðvum sem notaðar eru til að sniðganga þvingunaraðgerðir. Slík viðskipti taka til aðgengis að aðstöðu skráðra hreinsunarstöðva og veitingu hvers konar þjónustu. Í ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er því ein hreinsunarstöð tilgreind samkvæmt þessum skráningarviðmiðunum. Þessi skráning einnar hreinsunarstöðvar ætti einnig að koma fram í viðkomandi viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014.

19) Í ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er gerð frekari grein fyrir gildissviði undanþágunnar að því er varðar viðskipti í tengslum við jarðgasleiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2 með tilliti til frágangs, starfrækslu, viðhalds eða notkunar þessara leiðslna.

20) Sambandið hefur þegar samþykkt ráðstafanir til að takmarka tekjur Rússlands sem tengjast útflutningi á fljótandi jarðgasi. Slíkur útflutningur er háður framboði tankskipa fyrir fljótandi jarðgas og því er mikilvægt að skerða möguleika Rússlands til að safna saman og nota tankskip fyrir fljótandi jarðgas. Í því skyni er með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 kveðið á um tilkynningarskyldu vegna sölu tankskipa fyrir fljótandi jarðgas og möguleika á að taka upp nýjar takmarkanir á sölu tankskipa fyrir fljótandi jarðgas þannig að Rússland njóti ekki ávinnings af þeim. Að því er varðar áreiðanleikakönnun sem seljendur í Sambandinu skulu framkvæma ætti seljandi í Sambandinu ekki að bera ábyrgð á síðara broti kaupandans á skuldbindingum um endanlega notkun, að því tilskildu að seljandinn í Sambandinu hafi starfað í góðri trú og ekki búið yfir upplýsingum sem gefa til kynna ásetning um að sniðganga ráðstafanirnar. Bótaábyrgð vegna slíks brots hvílir á þeim kaupanda í þriðja landi sem virðir ekki samningsbundna bannið. Takmarkanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. gr. qa í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, gilda um seljendur tankskipa fyrir fljótandi jarðgas sem eru ríkisborgarar aðildarríkis, einstaklingar sem eru búsettir í aðildarríki eða lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Sambandinu og gera kröfu um að slíkir seljendur geri áreiðanleikakönnun við sölu. Þessar takmarkanir gilda í samræmi við 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 og hafa ekki réttaráhrif gagnvart aðilum og rekstrareiningum utan Sambandsins. Þessar takmarkanir hafa því ekki áhrif á fána tankskipanna og fela ekki í sér neina ábyrgð gagnvart viðkomandi fánaríki að því er varðar að hlítingu tilskilinna ákvæða.

21) Sambandið hefur ítrekað gert ráðstafanir til að auðkenna fjármálastofnanir, lánastofnanir eða rekstrareiningar sem veita þjónustu á sviði sýndareigna eða greiðsluþjónustu, sem greiða fyrir áframhaldandi fjárhagslegri líflínu fyrir árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, hvort sem það er með því að tengjast sendingakerfi seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð („SPFS“) eða með því að gera kleift að sniðganga þvingunaraðgerðir Sambandsins og til að banna hvers konar viðskipti milli þessara stofnana eða rekstrareininga og rekstraraðila Sambandsins. Gögn sýna fram á að rekstrareiningar í þriðju löndum haldi áfram að gera Rússlandi kleift að stunda ólöglega starfsemi. Í ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 eru því tilgreindir fjórir aðilar á fjármálamarkaði og 14 rekstrareiningar sem veita þjónustu á sviði sýndareigna með því að skrá viðkomandi í viðeigandi viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, með það fyrir augum að banna viðskipti milli þeirra og aðila sem staðsettir eru í Sambandinu. Að auki er með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 ein rekstrareining fjarlægð úr XVIII. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ. Einnig er með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 fimm rekstrareiningum bætt á skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir í þriðju löndum, sem raska verulega tilganginum með þeim bönnum sem sett eru fram í 4. gr. o, 4. gr. p og 4. gr. x í ákvörðun 2014/512/SSUÖ. Þessar breytingar á skránum ættu einnig að koma fram í viðkomandi viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014.

22) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er gildissvið bannsins við því að ríkisborgarar Rússlands eða einstaklingar sem búa í Rússlandi eigi eða stjórni tilteknum lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem eru skráðar eða löglega stofnaðar samkvæmt lögum aðildarríkis, eða gegni störfum í stjórnum þeirra, víkkað út

þannig að bannið gildi um allar rekstrareiningar sem veita þjónustu á sviði sýndareigna, eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114([6]).

23) Til að viðhalda aðgangi að þjónustuveitendum og -vettvöngum vegna sýndareigna eftir að reglugerð ráðsins (ESB) 2026/506 ([7]) bannaði samstarf við slíka þjónustuveitendur og -vettvanga með staðfestu í Rússlandi eru bankar og aðrir aðilar í Rússlandi, þ.m.t. skráðir bankar, að nota slíka vettvanga með staðfestu í þriðju löndum öðrum en Rússlandi. Nokkrir þessara sýndareignavettvanga hafa verið skráðir samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014 vegna þess að þeir hafa raskað verulega ákvæðum þeirrar reglugerðar eða ákvæðum reglugerðar ráðsins (ESB) nr. 269/2014 ([8]).

24) Til að koma í veg fyrir sniðgöngu þvingunaraðgerða Sambandsins um lögsögur þriðju landa er með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 innleiddur möguleiki á að banna öll viðskipti við lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem veita þjónustu á sviði sýndareigna eða eru vettvangur sem gerir skipti eða tilflutning á sýndareignum mögulegan og sem hafa staðfestu í þeim þriðju löndum sem tilgreind eru í viðkomandi viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ.

25) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er, er með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849, 33 lána- eða fjármálastofnunum bætt við á skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem falla undir viðskiptabann. Viðskiptabannið nær til tiltekinna rússneskra lána- eða fjármálastofnana eða annarra rekstrareininga, þ.m.t. þeirra sem eru áskrifendur að sendingarþjónustu á sviði fjármála eða rússneskra dótturfyrirtækja lána- eða fjármálastofnana í þriðju löndum, sem skipta máli fyrir rússneska fjármála- og bankakerfið, einkum vegna þess að þeir eru annaðhvort stórir eða mikilvægir svæðisbundnir bankar, sem greiða af þeim sökum fyrir svæðisbundnum og alríkistengdum fjármálum og viðskiptum, eða bankar sem greiða fyrir framkvæmd greiðslna yfir landamæri eða eru mikilvægir fyrir árásir Rússa gegn Úkraínu, einkum vegna þess að þeir eru bankar sem grafa undan landamærahelgi Úkraínu með því að starfa á hernumdum svæðum í Úkraínu eða með því að veita fjármálaþjónustu á hernumdum svæðum í Úkraínu, bankar sem veita herstarfsliði í rússneska heraflanum fjármálaþjónustu eða bankar sem falla þegar undir þvingunaraðgerðir Sambandsins eða samstarfslanda þess. Þessar viðbótarskráningar ættu einnig að koma fram í viðkomandi viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014.

26) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er innleidd undanþága sem gerir lögbærum stjórnvöldum kleift að heimila ríkisborgurum aðildarríkja eða landa innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Sviss að taka út fjármuni sem þeir eiga hjá tilteknum lána- og fjármálastofnunum og rekstrareiningum sem veita þjónustu á sviði sýndareigna eða greiðsluþjónustu, sem falla undir bann við að eiga í hvers kyns viðskiptum, í því skyni að segja upp starfsemi þeirra, samningum eða öðru samkomulagi við viðkomandi stofnun eða rekstrareiningu. Dæmi um slíka uppsögn eru þegar einstaklingurinn lokar reikningum sínum eða tekur út alla fjármuni sem hann eða hún á í viðkomandi rekstrareiningu og kemur ekki á eða viðheldur frekari samningsbundnum tengslum við viðkomandi rekstrareiningu. Til að draga úr hættu á sniðgöngu ætti að millifæra fjármuni til lána- eða fjármálastofnana sem eru skráðar samkvæmt lögum aðildarríkis eða eru í eigu eða undir stjórn lána- eða fjármálastofnana sem eru skráðar samkvæmt lögum aðildarríkis. Þessi undanþága hefur ekki áhrif á bannið við því að rekstraraðilar í Sambandinu veiti rekstrareiningum, sem eru á skrá í XIV., XLIV. og XLV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sendingarþjónustu á sviði fjármála. Þess vegna skal ekki túlka þá undanþágu svo að lögbæru stjórnvaldi sé heimilt að veita slíka þjónustu.

27) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er innleidd þröngt afmörkuð undanþága til að heimila framkvæmd viðskipta við tiltekna rekstrareiningu, sem skráð er undir færslu nr. 4 í XVIII. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, einungis ef það er nauðsynlegt vegna greiðslu gjalds til lánastofnunar með staðfestu í Sambandinu, sem fer fram á grundvelli söluréttar sem var samþykktur samkvæmt samningi og nýttur á viðeigandi hátt fyrir 28. febrúar 2022. Þessi undanþága grefur ekki undan almennum markmiðum reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 og er eingöngu rökstudd með því að nauðsynlegt sé að bregðast við ófyrirséðum neikvæðum afleiðingum fyrir rekstraraðila í Sambandinu. Í samræmi við afstöðu Sambandsins ætti þessi undanþága ekki að heimila veitingu sérstakrar sendingarþjónustu á sviði fjármála sem ætti áfram að vera bönnuð undir öllum kringumstæðum.

28) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er innleidd markviss undanþága frá banninu við að veita þjónustu sem tengist ferðaþjónustu í Rússlandi með beinum hætti.

29) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 er innleidd sérstök undanþága fyrir tilteknar rannsóknastofnanir frá gildandi banni við að þiggja fjármögnun, framlög eða annan efnahagslegan ávinning eða stuðning frá Rússlandi, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti, til að standa undir núverandi skuldbindingum, t.d. að því er varðar rekstur, viðhald, nútímavæðingu eða byggingu viðkomandi rannsóknastofnana.

30) Þriðju lönd hafa samþykkt þvingunaraðgerðir í líkingu við þær sem varða ferðir rússneskra stjórnar- og ræðiserindreka um Sambandið, sem og starfsmanna stjórnsýslu-, tækni- eða þjónustudeildar sendiráða eða

ræðisstofnana Rússlands eða aðstandenda þeirra. Því þykir rétt að auka upplýsingaskipti við þessi þriðju lönd varðandi möguleg brot á viðkomandi þvingunaraðgerðum.

31) Með reglugerð (ESB) nr. 2026/506 var gildissvið bannsins í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 við því að efna kröfur, sem einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi og samstarfslöndunum sem eru á skrá í viðkomandi viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, leggja fram, víkkað út þegar þessir einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir selja, afhenda, flytja til eða flytja út vörur, tækni eða þjónustu sem bannað er að selja, afhenda, flytja til eða flytja út samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014, hvort sem vörurnar, tæknin eða þjónustan er upprunnin í Sambandinu eða ekki. Þessir aðilar geta þó lagt fram kröfur í lögsögu þriðju landa í tengslum við samninga og viðskipti sem slík bönn hafa áhrif á og valda ríkisborgurum aðildarríkis eða lögaðilum, sem eru stofnaðir samkvæmt lögum aðildarríkis, tjóni. Því er nauðsynlegt að víkka út möguleikann á að sækja skaðabætur fyrir dómstólum aðildarríkis.

32) Rússnesk löggjöf og dómvenja gera aðilum kleift að leggja fram kröfu fyrir tilteknum rússneskum dómstólum sem síðan taka sér lögsögu yfir deilumálum og kveða upp dóma yfir fyrirtækjum í Sambandinu í tengslum við samninga eða viðskipti sem verða fyrir áhrifum af þvingunaraðgerðum Sambandsins. Til samræmis við það sýna gögn að rússneskir aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, eða aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem starfa gegnum eða fyrir hönd einhverra þessara rússnesku aðila, rekstrareininga eða stofnana, eða eru í eigu eða undir stjórn slíkra aðila, rekstrareininga eða stofnana, leita eftir eða gætu leitað eftir því að hefja og halda uppi málarekstri í tengslum við ráðstafanir sem komið er á samkvæmt reglugerðum (ESB) nr. 269/2014 og (ESB) nr. 833/2014, eða leita eftir eða gætu leitað eftir því að ná fram viðurkenningu eða fullnustu dóma sem eru kveðnir upp í slíkum málarekstri. Til að viðhalda skilvirkni þvingunaraðgerða Sambandsins er nauðsynlegt að Sambandið grípi til aðgerða til að milda áhrif slíkra starfshátta. Í fyrsta lagi með því að tryggja að dómstólar Sambandsins geti, til viðbótar við úrskurði um að hefja ekki eða hætta tilteknum ótilhlýðilegum málarekstri, gefið út úrskurð um að fullnusta ekki, viðurkenna eða reiða sig á lögbann, úrskurð, úrræði, dóm eða aðra ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds í öllum lögsögum, sem var eða kann að verða fengin í þessum málarekstri. Í öðru lagi með því að krefjast þess að aðildarríki viðurkenni hvorki né fullnusti lögbann, úrskurð, úrræði, dóm eða aðra ákvörðun rússnesks dómstóls eða stjórnvalds í tengslum við samning eða viðskipti sem hefur, með beinum eða óbeinum hætti, að öllu leyti eða að hluta til, orðið fyrir áhrifum af ráðstöfunum sem gerðar eru samkvæmt reglugerðum (ESB) nr. 269/2014 og (ESB) nr. 833/2014, hvort sem viðkomandi lögbann, úrskurður, úrræði, dómur eða önnur ákvörðun dómstóls er kveðin upp skv. gr. 248.1 eða gr. 248.2 í gerðardómsreglum Rússneska sambandsríkisins eða ekki.

33) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1849 eru framlengdir þeir frestir sem gilda um tilteknar undanþágur sem eru nauðsynlegar til að losa um fjárfestingar í Rússlandi. Rekstraraðilar ættu að gera sér ljóst að Rússland er land þar sem réttarreglum er ekki lengur beitt og að Rússneska sambandsríkið hefur samþykkt ýmiss konar lög sem beint er gegn eignum fyrirtækja frá svokölluðum „óvinveittum löndum“, þ.m.t. aðildarríkjum. Þessi staða hefur leitt til viðvarandi hættu á að eignir Sambandsins verði fastar í Rússlandi án möguleika á að ná þeim til baka með skipulegum hætti. Með hliðsjón af þessu er fyrirtækjum í Sambandinu eindregið ráðlagt að grípa til hvers konar mögulegra ráðstafana til að slíta fyrirtækjum í Rússlandi og ekki koma á fót nýjum fyrirtækjum þar. Því miður hefur ný löggjöf, dómar og starfshættir í Rússlandi gert rekstraraðilum í Sambandinu enn erfiðara fyrir að draga sig út af rússneska markaðnum með skipulegum hætti. Því þykir viðeigandi að framlengja gildistíma á undanþágum til að losa um fjárfestingar, til að gera fyrirtækjum í Sambandinu kleift að fara af rússneska markaðnum eins fljótt og auðið er. Aðildarríkin veita framlengingu á þessum undanþágum í hverju tilviki fyrir sig og þær beinast að því að gera það kleift að losa um fjárfestingar með skipulegum hætti, sem væri ekki mögulegt án þess að framlengja þessa fresti.

34) Þessar ráðstafanir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggt sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.

35) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað e-liðar 4. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„e) fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet sem eru ekki eign rekstrareiningar sem er undir stjórn eða meira en 50% í eigu hins opinbera,“.

2) Í stað e-liðar 4. mgr. 2. gr. a kemur eftirfarandi:

„e) fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet sem eru ekki eign rekstrareiningar sem er undir stjórn eða meira en 50% í eigu hins opinbera,“.

3) Ákvæðum 3. gr. i er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 3. mgr. bb falla brott.

b) Í stað 3. mgr. bc kemur eftirfarandi:

„3bc. Frá og með 26. janúar 2026 til 31. desember 2026 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki um kaup eða innflutning til Ungverjalands á vörum sem falla undir SN-númer 2901 10 00 og eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi, að því tilskildu að vörurnar séu ætlaðar eingöngu til nota í Ungverjalandi.“

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3bg. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númer 2603, 2604, 2607, 2616, 2817, 2819, 3803, 7001, 7002, 7003, 7004, 7006, 7008, 7009, 7011, 7013, 7014, 7015, 7016, 7017, 7018, 7020, 7901, 8707 og 8708 gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 25. október 2026 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 24. júlí 2026 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

d) Ákvæði 3. mgr. cg falla brott.

e) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu stýra magni innflutningskvóta, sem sett er fram í 3. mgr. ch, 3. mgr. h og 4. mgr. þessarar greinar, í samræmi við stjórnunarkerfið fyrir tollkvóta sem kveðið er á um í 49.–54. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2447.“

4) Ákvæðum 3. gr. k er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 3. mgr. ak falla brott.

b) Í stað e-liðar 5. mgr. a kemur eftirfarandi:

„e) vörum sem falla undir SN-númer 7615 10, SN-númer 8414 51, SN-númer 8414 60, SN-númer 8422 30 og SN-númer 8423 10,“.

c) Í stað 5. mgr. g kemur eftirfarandi:

„5g Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, útflutning og tilflutning vara sem falla undir SN-númer 8517 62 og 8523 52, sem eru á skrá í XXIII. viðauka, að því tilskildu að þær séu ætlaðar fyrir borgaraleg rafræn fjarskiptanet, sem eru ekki í eigu rekstrareiningar sem er undir stjórn eða meira en 50% í eigu hins opinbera.“

5) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 3. gr. m:

„11. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, kaup, innflutning eða tilflutning á hráolíu eða jarðolíuafurðum sem eru á skrá í XXV. viðauka og eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar þaðan út, sem og veitingu tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu, fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar eða hvers konar annarrar tengdrar þjónustu, eftir að hafa gengið úr skugga um að:

a) stjórnvald aðildarríkis hafi lagt hald á viðkomandi vörur eða gert þær upptækar við innlenda stjórnsýslu- eða dómsmeðferð,

b) viðkomandi vörur séu áfram undir skilvirku eftirliti stjórnvalda aðildarríkis eða rekstrareiningar sem kemur fram fyrir hönd þessara stjórnvalda þann tíma sem vörurnar eru í þeirra vörslu, umsjón og geymslu, allt þar til möguleg sala þeirra fer fram,

c) aðgerðirnar sem um getur í b-lið leiði ekki til, með beinum eða óbeinum hætti, framkvæmdar neinna greiðslna eða að efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur í þágu rússneskra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana eða þeirra sem hafa staðfestu í Rússlandi.“

6) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 3. gr. ma:

„3. Lögbær stjórnvöld geta, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað að innflytjendur þurfi ekki að leggja fram sönnun fyrir upprunalandi hráolíunnar sem er notuð til að hreinsa afurðina í þriðja landi, eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr., eftir að hafa gengið úr skugga um að:

a) viðkomandi jarðolíuafurðir séu ætlaðar til notkunar á ystu svæðum, í skilningi 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, eða landi eða yfirráðasvæði handan hafsins sem tengist Sambandinu í skilningi 198. gr. þess sáttmála,

b) sannað þyki að hætta sé á röskun eða alvarlegri röskun á afhendingu jarðolíuafurða vegna sérstakra landfræðilegra eða skipulagslegra takmarkana eða birgðatakmarkana, sem einkum eiga við um þessi svæði, lönd eða yfirráðasvæði, og

c) engar aðrar leiðir séu tiltækar til að tryggja samfelldan birgðaflutning til viðkomandi svæðis, lands eða yfirráðasvæðis við skilyrði sem eru fjárhagslega og skipulagslega hagkvæm.“

7) Ákvæðum 3. gr. n er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar 6. mgr. b kemur eftirfarandi:

„b) um flutninga, eða um tækniaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist slíkum flutningum, á vörunum sem um getur í A-hluta XXIX. viðauka til þeirra þriðju landa sem þar eru nefnd, á því tímabili sem tilgreint er í þeim viðauka.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„11a. Beiting málsmeðferðar til að breyta verðþaki á olíu, sem sett er fram í 11. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. útreikningur á meðalmarkaðsverði rússneskrar hráolíu yfir 22 vikna tímabil, birting tilkynningar um það meðalmarkaðsverð og breytingin á XXVIII. viðauka skal felld niður tímabundið frá 24. júlí 2026 til 14. júlí 2027.

11b. Eigi síðar en 15. janúar 2027 skal framkvæmdastjórnin reikna út, á grundvelli verðmats sem viðurkenndar skýrslugjafarstofnanir hafa látið í té, meðalmarkaðsverð rússneskrar hráolíu yfir 22 vikna tímabil sem hefst 25. júní 2026 og gefa ráðinu skýrslu um þetta nýlega útreiknaða verð.

Á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skal ráðið endurskoða þak á verðlagningu og getur ákveðið, að fenginni sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúanum og framkvæmdastjórninni, að breyta XXVIII. viðauka. Breytta verðþakið gildir frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir gildistöku þeirrar breytingar á XXVIII. viðauka.

Taki ráðið ekki ákvörðun skal gildandi verðþak vera áfram til staðar.

Frá og með 15. júlí 2027 skal taka að nýju upp þá málsmeðferð að breyta verðþakinu á olíu sem sett er fram í 11. mgr.“

8) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 3. gr. nb:

„5. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, tímabundna geymslu og vistun hráolíu eða jarðolíuafurða sem eru á skrá í XXV. viðauka við þessa reglugerð, samkvæmt málsmeðferð á frísvæðinu skv. 3. mgr. 245. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013, á yfirráðasvæði Sambandsins ef vörurnar eru upprunnar í eða fluttar út frá Rússlandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að:

a) stjórnvald aðildarríkis hafi lagt hald á viðkomandi vörur eða gert þær upptækar við innlenda stjórnsýslu- eða dómsmeðferð,

b) viðkomandi vörur verði áfram undir skilvirku eftirliti stjórnvalda aðildarríkis eða rekstrareiningar sem kemur fram fyrir hönd þessara stjórnvalda.“

9) Eftirfarandi grein er bætt við:

„3. gr. qa

1. Tilkynna skal lögbærum stjórnvöldum aðildarríkis þar sem eigandi skips er ríkisborgari, hefur búsetu eða staðfestu, tafarlaust um sölu eða annað fyrirkomulag sem felur í sér yfirfærslu á eignarhaldi til þriðja lands af hálfu ríkisborgara aðildarríkis, einstaklings sem hefur búsetu í aðildarríki eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu í Sambandinu á tankskipum fyrir fljótandi jarðgas sem falla undir SN-númer úr 8901 20.

Tilkynningin til lögbærs stjórnvalds skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) deili á seljanda og kaupanda,

b) eftir atvikum, stofnsamþykktir seljanda og kaupanda, þ.m.t. hlutafjáreign og stjórnendur,

c) auðkennisnúmer Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir skipið og

d) kallmerki skipsins.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja tilkynningu skv. 1. mgr. innan einnar viku frá því að hún er gerð.

3. Á grundvelli mats framkvæmdastjórnarinnar á upplýsingunum sem veittar eru skv. 1. og 2. mgr. skal ráðið endurskoða, eigi síðar en 25. október 2026, hvort bann, eins og kveðið er á um í 4.–9. mgr., skuli öðlast gildi.

4. Lagt er bann við því, frá degi sem ráðið ákveður skv. 10. mgr., að ríkisborgarar aðildarríkis, einstaklingar sem eru búsettir í aðildarríki og lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Sambandinu selji eða yfirfæri með öðrum hætti eignarhald, með beinum eða óbeinum hætti, á tankskipum fyrir fljótandi jarðgas sem falla undir SN-númer úr 8901 20, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til nota þar í landi.

5. Í samræmi við 4. mgr. skulu ríkisborgarar aðildarríkis, einstaklingar sem eru búsettir í aðildarríki og lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu í Sambandinu, sem selja eða yfirfæra með öðrum hætti eignarhald, með beinum eða óbeinum hætti, til aðila, rekstrareininga og stofnana í þriðja landi, á tankskipum fyrir fljótandi jarðgas sem falla undir SN-númer úr 8901 20:

a) gera viðeigandi ráðstafanir, í réttu hlutfalli við eðli þeirra og umfang, til að greina og meta áhættuna af því að beina sendingu áfram til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar þar í landi,

b) koma á viðeigandi stefnum, eftirliti og verklagsreglum, sem hæfa eðli þeirra og umfangi, til að milda og stýra með skilvirkum hætti þeirri áhættu sem um getur í a-lið.

6. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem um getur í 5. mgr. sem kaupa tankskip fyrir fljótandi jarðgas skulu veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ljúka við skrefin sem um getur í a-lið þeirrar málsgreinar.

7. Í þeim skrefum sem um getur í a-lið 5. mgr. skal fjalla um allar viðeigandi upplýsingar sem eru tiltækar þegar sala eða yfirfærsla á sér stað.

8. Sala eða annað fyrirkomulag ríkisborgara aðildarríkis, einstaklings sem er búsettur í aðildarríki eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu í Sambandinu, varðandi yfirfærslu eignarhalds til þriðja lands á tankskipi fyrir fljótandi jarðgas sem fellur undir SN-númer úr 8901 20, skal innihalda skriflegt, samningsbundið bann varðandi frekari endursölu eða yfirfærslu skipsins til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar þar í landi.

9. Salan eða fyrirkomulagið sem um getur í 8. mgr. skal einnig innihalda skrifleg samningsákvæði sem kveða á um að aðilinn í þriðja landi sem kaupir skipið:

a) skuldbindi sig til að endurspegla bannið í 8. mgr. við hvers kyns frekari endursölu eða yfirfærslu sem hann kann að ráðast í og

b) skuldbindi kaupanda skipsins, við frekari endursölu eða yfirfærslu, til að setja skrifleg samningsákvæði sem eru jafngild þeim sem krafist er í 8. mgr. og í þessari málsgrein.

10. Ákvæði 4.–9. mgr. gilda frá gildistökudegi reglugerðar sem ráðið skal samþykkja að fenginni sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúanum og framkvæmdastjórninni, sem byggist á mati framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 3. mgr.“

10) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við í 3. gr. ra:

„5. Bönnin í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar gilda ekki um flutning með skipi eða um tækniaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð, sem tengist slíkum flutningi, á þeim vörum sem eru á skrá í B-hluta XXIX. viðauka, til þriðju landa sem þar eru nefnd, á því tímabili sem tilgreint er í þeim viðauka.

6. Með fyrirvara um 5. mgr. gildir 1. mgr. ekki fyrr en 25. júlí 2027 og eftir það í samfelldum eins árs tímabilum nema ráðið ákveði, eftir árlega endurskoðun, annað varðandi tilflutning og, ef við á, kaup sem tengjast þessum tilflutningi og eru ætluð þriðju löndum þegar bæði tilflutningurinn og kaupin eru framkvæmd samkvæmt samningum sem gerðir voru fyrir 24. febrúar 2022 til lengri tíma en eins árs og var ekki breytt eftir þann dag nema slík breyting takmarkist við:

a) lækkun á umsömdu magni,

b) þegar um er að ræða kaupsamninga, lækkanir á verði og gjöldum,

c) breytingar á ákvæðum um trúnaðarkvaðir,

d) breytingar á verklagsreglum, t.d. verklagsreglum um fjarskipti,

e) breytingar á heimilisföngum samningsaðila,

f) tilfærslur á samningsbundnum skyldum milli tengdra fyrirtækja,

g) breytingar sem krafist er vegna meðferðar fyrir dómstóli eða gerðardómi eða

h) þegar um er að ræða kaupsamninga, breytingar, þegar um landlukt lönd er að ræða, milli afhendingarstaða innanlands.

Tímabundna undanþágan frá banninu í 1. mgr. þessarar greinar við tilflutningi á fljótandi jarðgasi, eins og sett er fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skal einungis gilda á tilteknu ári um allt það árlega magn fljótandi jarðgass sem er upprunnið í Rússlandi eða flutt út þaðan á árinu 2025, sem einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem um getur í 13. gr. flytur samkvæmt gildandi langtímasamningum viðkomandi aðila, rekstrareiningar eða stofnunar, eins og tilgreint er í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, án tillits til áfangastaðar. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir sem flytja fljótandi jarðgas sem er upprunnið í eða flutt út frá Rússlandi til þriðju landa skulu gefa lögbærum stjórnvöldum aðildarríkisins þar sem þau hafa staðfestu, eigi síðar en 25. ágúst 2026, skýrslu um viðeigandi magn fyrri flutninga og aðildarríkið skal veita framkvæmdastjórninni þær upplýsingar án ástæðulausrar tafar.

Endurskoða skal reglubundið þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari málsgrein.

Eigi síðar en 25. júní 2027 og á 12 mánaða fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið mat á þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari málsgrein. Þetta mat má leggja fram fyrir þann tíma ef framkvæmdastjórnin telur það réttlætanlegt.

Ráðið skal, á grundvelli mats framkvæmdastjórnarinnar, endurskoða árlega og án ástæðulausrar tafar, framkvæmd þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari málsgrein í ljósi efnahagslegra áhrifa þeirra og markmiða þessarar reglugerðar.

Að lokinni endurskoðun sinni getur ráðið, að fenginni sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúanum og framkvæmdastjórninni, ákveðið að stytta, framlengja eða fella tímabundnu undanþáguna í þessari málsgrein úr gildi, að teknu tilliti til skilvirkni bannsins í þessari grein sem og sérstakra aðstæðna tiltekinna aðildarríkja og efnahagslegra aðstæðna einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem um getur í 13. gr.

Eigi síðar en 25. ágúst 2026 og á þriggja mánaða fresti eftir það skulu einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir, sem um getur í 13. gr., sem fara í tilflutning, eða kaup í tengslum við slíkan tilflutning, fljótandi jarðgass, sem er upprunnið í Rússlandi eða flutt út þaðan til þriðju landa, tilkynna lögbærum stjórnvöldum aðildarríkisins þar sem þau hafa staðfestu, a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um hverja sendingu, eins og þær liggja fyrir, vegna tilflutnings eða kaupa í tengslum við þann tilflutning og skulu þau aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni án ástæðulausrar tafar um:

a) tilvísunarnúmer farms eða númer farmbréfs,

b) IMO-númer skips, heiti, fánaríki og gerð skips,

c) dagsetningu, höfn og miðstöð lestunar og losunar,

d) lokaákvörðunarstað,

e) það magn sem hefur verið lestað og losað,

f) tímalengd samnings,

g) samningsvirði hvers farms og vergar tekjur sem tengjast hverri vörusendingu,

h) nafn kaupanda og þess sem nýtur ávinnings að lokum,

i) nafn seljanda og farmsendanda.

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja vernd trúnaðarupplýsinga sem aflað er við beitingu þessarar greinar í samræmi við lög Sambandsins og viðeigandi innlend lög.

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að trúnaðarflokkaðar upplýsingar, sem veittar eru eða skipst er á samkvæmt þessari grein, séu ekki færðar niður um flokk eða trúnaði létt af þeim án skriflegs fyrirframsamþykkis upphafsaðila þeirra.“

11) Í stað 3. gr. rb kemur eftirfarandi:

„3. gr. rb

Frá og með 1. janúar 2027 er lagt bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er meira en 50% í eigu eða með beinum eða óbeinum hætti undir stjórn rússnesks ríkisborgara eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi, þjónustu birgðastöðva fyrir fljótandi jarðgas.

Lagt er bann við því að viðhalda samningum sem varða þjónustu fyrir fljótandi jarðgas, sem sætir banni samkvæmt þessari grein, eftir 1. janúar 2027.“

12) Eftirfarandi liðum er bætt við í 2. mgr. 3. gr. s:

„h) veita þjónustu vegna skipa sem tilgreind eru í a- til g-lið, s.s. þjónustu tengda eldsneytistöku og dráttarbátaþjónustu, eða

i) framkvæma umskipun milli skipa sem eru tilgreind í a- til h-lið.“

13) Ákvæðum 5. gr. aa er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„d) viðskipti, þ.m.t. sölur, sem eru algerlega nauðsynleg vegna slita, fyrir 31. desember 2027, á fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða svipuðu lagalegu fyrirkomulagi sem gert er fyrir 16. mars 2022 og tekur til lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem um getur í 1. mgr.,“.

b) Í stað 3. mgr. a kemur eftirfarandi:

„3a) Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað viðskipti, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sem eru algerlega nauðsynleg til að rekstrareiningarnar sem um getur í 1. mgr. eða dótturfélög þeirra í Sambandinu geti, eigi síðar en 31. desember 2027, losað um fjárfestingar sínar og dregið sig út úr lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu.“

14) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við í 5. gr. ac:

„8. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg til að taka út fjármuni eða loka reikningum í eigu eða vörslu ríkisborgara aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, eða einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, í vörslu lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í XLIV. viðauka og sem voru á skrá í þeim viðauka 24. júlí 2026 eða síðar, samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað:

a) að viðskiptin séu nauðsynleg til að slíkur einstaklingur geti sagt upp starfsemi, samningum eða öðru samkomulagi sem gert hefur verið við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í XLIV. viðauka,

b) að óskað hafi verið eftir heimildinni eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistökudaginn sem tilgreindur er í XLIV. viðauka fyrir viðkomandi lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í honum,

c) að fjármunirnir séu millifærðir til fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, eða til fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð samkvæmt lögum þriðja lands, sem er í eigu eða undir stjórn fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.

Allar heimildir samkvæmt þessari málsgrein skulu veittar með gildistíma í þrjá mánuði að hámarki.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

9. Þrátt fyrir 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað framkvæmd viðskipta við rekstrareininguna sem skráð er undir færslu nr. 4 í XLIV. viðauka, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að framkvæmd viðskiptanna sé nauðsynleg vegna greiðslu gjalds til lánastofnunar með staðfestu í Sambandinu, sem framkvæmd er á grundvelli söluréttar sem er samþykktur og nýttur á tilhlýðilegan hátt fyrir 28. febrúar 2022.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

15) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 5. gr. ad:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg til að taka út fjármuni eða loka reikningum í eigu eða vörslu ríkisborgara aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, eða einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, í vörslu lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í XLV. viðauka og sem voru skráð í þeim viðauka 24. júlí 2026 eða síðar, samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað:

a) að viðskiptin séu nauðsynleg til að slíkur einstaklingur geti sagt upp starfsemi, samningum eða öðru samkomulagi sem gert hefur verið við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í XLV. viðauka,

b) að óskað hafi verið eftir heimildinni eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistökudaginn sem tilgreindur er í XLV. viðauka fyrir viðkomandi lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í honum,

c) að fjármunirnir séu millifærðir til fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, eða til fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð samkvæmt lögum þriðja lands, sem er í eigu eða undir stjórn fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.

Allar heimildir samkvæmt þessari málsgrein skulu veittar með gildistíma í þrjá mánuði að hámarki.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

16) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við í 5. gr. ae:

„2a. Lagt er bann við því að taka þátt í viðskiptum, með beinum eða óbeinum hætti, við hreinsunarstöðvar sem eru á skrá í D-hluta XLVII. viðauka. Undir D-hluta XLVII. viðauka falla hreinsunarstöðvar í Rússlandi og í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem eru notaðar:

a) til vinnslu eða hreinsunar á hráolíu eða vinnslu eða blöndunar á jarðolíuafurðum, sbr. skrá í XXV. viðauka, eða jarðefnum sem eru upprunnin í Rússlandi, eða

b) með þeim hætti að það stuðli að eða ýti undir brot eða sniðgöngu eða raski verulega á annan hátt ákvæðum þessarar reglugerðar eða reglugerða (ESB) nr. 269/2014, (ESB) nr. 692/2014 eða (ESB) 2022/263.

2b. Bannið sem um getur í 2. mgr. a gildir að því er varðar færslu nr. 1 í D-hluta XLVII. viðauka frá og með 25. janúar 2027. Eigi síðar en 25. október 2026 skal framkvæmdastjórnin gefa ráðinu skýrslu um mat sitt á því hvort viðhalda eigi skráningunni sem um getur í færslu nr. 1 í D-hluta XLVII. viðauka.“

17) Í stað inngangsmálsliðarins í fyrstu undirgrein 3. mgr. 5. gr. af kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg:“

18) Í stað 2. mgr. a í 5. gr. b kemur eftirfarandi:

„2a. Lagt er bann við því, frá og með 18. janúar 2024, að heimila rússneskum ríkisborgurum eða einstaklingum með búsetu í Rússlandi að eiga eða stjórna, með beinum eða óbeinum hætti, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og veitir þjónustu tengda sýndareignaveski, sýndareignareikningi eða fjárvörslu sýndareigna, eða gegna störfum í stjórnum þeirra. Frá og með 25. ágúst 2026 skal það bann einnig gilda þegar um er að ræða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis og veitir aðra þjónustu á sviði sýndareigna, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2023/1114.“

19) Eftirfarandi grein er bætt við:

„5. gr. bc

1. Lagt er bann við því að eiga viðskipti, með beinum eða óbeinum hætti, við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem veitir þjónustu á sviði sýndareigna eða er vettvangur sem gerir skipti eða millifærslu sýndareigna mögulega og er með staðfestu í þriðja landi sem er á skrá í LVII. viðauka.

2. Ákvæði LVII. viðauka skulu einungis taka til þriðju landa sem ráðið hefur tilgreint að hafi kerfisbundið og ítrekað mistekist að koma í veg fyrir veitingu þjónustu á sviði sýndareigna, eða koma í veg fyrir vettvanga þar sem skipst er á sýndareignum eða þær millifærðar, sem raskar ákvæðum þessarar reglugerðar eða reglugerðar (ESB) nr. 269/2014.

3. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti ríkisborgara aðildarríkis sem eru búsettir í landi sem er á skrá í LVII. viðauka og voru það fyrir viðkomandi dagsetningu, sem tilgreind er í þeim viðauka.“

20) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 5. gr. h:

„3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg til að taka út fjármuni eða loka reikningum í eigu eða vörslu ríkisborgara aðildarríkis, lands sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, eða einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi eða búsetuleyfi í aðildarríki, landi sem á aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eða Sviss, í vörslu lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem eru á skrá í XIV. viðauka og voru tilgreind í þeim viðauka 24. júlí 2026 eða síðar, samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað:

a) að viðskiptin séu nauðsynleg til að slíkur einstaklingur geti sagt upp starfsemi, samningum eða öðru samkomulagi sem gert hefur verið við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í XIV. viðauka,

b) að óskað hafi verið eftir heimildinni eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistökudaginn sem tilgreindur er í XIV. viðauka fyrir viðkomandi lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er á skrá í honum,

c) að fjármunirnir séu millifærðir til fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, eða til fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð samkvæmt lögum þriðja lands, sem er í eigu eða undir stjórn fjármála- eða lánastofnunar sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis.

Allar heimildir samkvæmt þessari málsgrein skulu veittar með gildistíma í þrjá mánuði að hámarki.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

21) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 5. gr. n:

„2a. Bannið í 2. mgr. gildir ekki um veitingu aðgangs að tölvufarskráningarkerfi eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 80/2009“ ([9]) eða sérhverri reglugerð sem kemur í stað hennar.

22) Ákvæðum 5. gr. t er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að Evrópska rannsóknastofnunin fyrir röntgengeisla með ótengdum elektrónum (e. *European X-Ray Free-Electron Laser Facility* (EuXFEL)), Rannsóknastofnunin fyrir andróteinda- og jónarannsóknir í Evrópu (e. *Facility for Antiproton and Ion Research in Europe* (FAIR)) og Evrópska rannsóknastofnunin fyrir samhraðalsgeislun (e. *European Synchrotron Radiation Facility* (ESRF)) taki við framlögum, efnahagslegum ávinningi eða stuðningi, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsaðstoð, að því tilskildu að slík framlög, efnahagslegur ávinningur eða stuðningur, þ.m.t. fjármögnun og fjárhagsaðstoð, byggist á alþjóðasamningum við ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins.“

b) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. eða 3. mgr. a innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

23) Í stað 5. mgr. í 5. gr. v kemur eftirfarandi:

„5. Aðildarríkin skulu upplýsa ráðið, Ísland, Liechtenstein, Noreg og Sviss um þau tilvik þar sem ekki er staðið við skuldbindinguna í 1. mgr.“

24) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 7. gr. a:

„2. Skuldbinding framkvæmdastjórnarinnar skv. a-lið 1. mgr. fellur tímabundið úr gildi frá og með ... 24. júlí 2026 til og með 14. júlí 2027.“

25) Í stað 4. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbæru stjórnvöldin, á grundvelli sérstaks mats í hverju tilviki fyrir sig til 31. desember 2027, heimilað fullnustu kröfu sem sett er fram af hálfu aðilanna, rekstrareininganna og stofnananna sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr., samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að fullnusta kröfunnar sé algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi.“

26) Í stað 1. mgr. 11. gr. a kemur eftirfarandi:

„1. Sérhver aðili, sem um getur í c- eða d-lið 13. gr., skal við dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkis eiga rétt á hvers kyns beinum eða óbeinum skaðabótum, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar sem sá einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun, sem er í eigu eða undir stjórn aðila sem um getur í d-lið 13. gr., stofnar til vegna krafna sem aðilar, rekstrareiningar og stofnarnir, sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 1. mgr. 11. gr., leggja fram hjá dómstólum í þriðju löndum í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa orðið fyrir áhrifum af ráðstöfunum, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi ekki skilvirkan aðgang að úrræðum í viðkomandi lögsögu. Heimilt er að sækja slíkar skaðabætur frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 1. mgr. 11. gr., sem lögðu fram kröfur hjá dómstólum í viðkomandi þriðja

landi, eða frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eru í eigu eða undir stjórn þessara rekstrareininga eða stofnana.“

27) Í stað 1. mgr. í 11. gr. c kemur eftirfarandi:

„1. Ekki skal viðurkenna, veita réttaráhrif eða fullnusta í aðildarríki lögbann, úrskurð, úrræði, dóm eða aðra ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds sem byggist á eða er leidd af gr. 248.1 eða gr. 248.2 í rússneskum lögum um gerðardómsmeðferð eða sambærilegri rússneskri löggjöf eða sem rússneskur dómstóll eða stjórnvald hefur kveðið upp eða tekið á grundvelli annarra rússneskra laga og felur í sér að aðili, sem um getur í c- eða d-lið 13. gr., er talinn ábyrgur, hvort sem er samkvæmt samningi, skaðabótarétti eða á öðrum lagagrundvelli, eða viðurkenna með beinum eða óbeinum hætti kröfu, rétt eða meinta skuldbindingu gagnvart slíkum aðila, m.a. í samhengi við ógjaldfærni, gjaldþrot, endurskipulagningu eða sambærilega málsmeðferð, í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa orðið fyrir áhrifum, með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, af þeim ráðstöfunum sem komið er á samkvæmt þessari reglugerð.“

28) Í stað 11. gr. ca kemur eftirfarandi:

„11. gr. ca

1. Ef, með fyrirvara um 11. gr. a og 11. gr. b, aðili sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar hefur hafið málsmeðferð fyrir rússneskum dómstóli í tengslum við samning eða viðskipti sem hafa orðið fyrir áhrifum, beint eða óbeint, í heild eða að hluta, af ráðstöfunum sem gerðar eru samkvæmt þessari reglugerð eða reglugerð (ESB) nr. 269/2014, sem brjóta í bága við ákvæði um óskoraða lögsögu eða gerðardóm, eða misnotkun samkvæmt gr. 248.1 eða gr. 248.2 í rússneskum lögum um gerðardómsmeðferð eða sambærilegri rússneskri löggjöf, eða samkvæmt öðrum lögum Rússneska sambandsríkisins eða röskun á þvingunaraðgerðum Sambandsins, gegn einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem um getur í c- eða d-lið 13. gr. þessarar reglugerðar til að fá lögbann, úrskurð, úrræði, dóm eða aðra ákvörðun dómstóls, skal einstaklingurinn, lögaðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin sem um getur í c- eða d-lið 13. gr. þessarar reglugerðar eiga rétt á, með dómsmeðferð fyrir lögbærum dómi aðildarríkis, dómsúrskurði sem fyrirskipar aðilanum sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar:

a) að hefja ekki eða hætta þessum málarekstri eða

b) að leitast ekki við að fullnusta, viðurkenna eða reiða sig á lögbann, úrskurð, úrræði, dóm eða aðra ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds, í hvaða lögsögu sem er, sem var eða kann að verða kveðin upp í þessum málarekstri.

2. Vanræksla við að uppfylla dómsúrskurðinn, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal leiða til þess að dómstóllinn leggi á fjárhagsleg viðurlög sem eru í réttu hlutfalli við mögulegt tjón sem einstaklingur, lögaðili, rekstrareining eða stofnun sem um getur í c- eða d-lið 13. gr. kann að verða fyrir vegna slíks brots. Greiðsla þessara fjárhagslegu viðurlaga skal innt af hendi til einstaklingsins, lögaðilans, rekstrareiningarinnar eða stofnunarinnar, sem um getur í c- eða d-lið 13. gr., sem lagði fram beiðnina um dómsúrskurðinn.“

29) Ákvæðum 12. gr. b er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 2. gr., 2. gr. a, 3. gr., 3. gr. b, 3. gr. c, 3. gr. f, 3. gr. h og 3. gr. k geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni sem eru á skrá í II., VII., X., XI., XVI., XVIII., XX. og XXIII. viðauka við þessa reglugerð og í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/821, sem og sölu, leyfisveitingu eða annars konar framsal á hugverkarétti eða viðskiptaleyndarmálum, sem og veitingu réttar til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur hér að framan til 31. desember 2027 ef slík sala, afhending, tilflutningur, leyfisveiting eða veiting réttar til aðgangs eða endurnotkunar er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi þar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“.

b) Í stað 1. mgr. a kemur eftirfarandi:

„1a. Þrátt fyrir 2. gr., 2. gr. a, 3. gr. og 3. gr. k geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni, sem eru á skrá í II., VII. og XXIII. viðauka til 31. desember 2027, til að losa um fjárfestingu í félagi um sameiginlegt verkefni, sem er skráð eða stofnað er til samkvæmt lögum aðildarríkis fyrir 24. febrúar 2022, með þátttöku rússnesks lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar og sem rekur grunnvirki fyrir gasleiðslur milli Rússlands og þriðju landa, eða veitingu tækniaðstoðar, miðlunarþjónustu, fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar í tengslum við slíkar vörur og tækni sem er algerlega nauðsynleg vegna reksturs, nauðsynlegs viðhalds, viðgerðar eða útskipta á íhlutum í slíkum leiðslum og tengdum grunn-

virkjum sem skipta miklu máli í framangreindri losun fjárfestinga, ef slík sala, afhending, tilflutningur eða veiting er algerlega nauðsynleg.“

c) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 3. gr. g og 3. gr. i geta lögbær stjórnvöld heimilað innflutning eða tilflutning á vörum, sem eru á skrá í XVII. og XXI. viðauka, til 31. desember 2027 ef slíkur innflutningur eða tilflutningur er algerlega nauðsynlegur til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi þar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“.

d) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. a kemur eftirfarandi:

„2a. Þrátt fyrir 5. gr. n geta lögbær stjórnvöld heimilað áframhaldandi veitingu þjónustu sem þar er talin upp til 31. desember 2027 ef slík veiting þjónustu er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi þar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“

30) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

31) Ákvæðum VII. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

32) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

33) Ákvæðum XXI. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

34) Ákvæðum XXIX. viðauka er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

35) Ákvæðum XLII. viðauka er breytt í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.

36) Ákvæðum XLIV. viðauka er breytt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.

37) Ákvæðum XLV. viðauka er breytt í samræmi við VIII. viðauka við þessa reglugerð.

38) Ákvæðum XLVII. viðauka er breytt í samræmi við IX. viðauka við þessa reglugerð.

39) Ákvæðum LVII. viðauka er bætt við í samræmi við X. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júlí 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

T. BYRNE

([1]) Stjtíð. ESB L, 2026/1849, 23.7.2026, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2026/1849/oj.

([2]) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2014/833/oj).

([3]) Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2014/512/oj).

([4]) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1495 frá 18. júlí 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L, 2025/1495, 19.7.2025, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2025/1495/oj).

([5]) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/2032 frá 23. október 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L, 2025/2032, 23.10.2025, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2025/2032/oj).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2023/1114/oj).

([7]) Reglugerð ráðsins (ESB) 2026/506 frá 23. apríl 2026 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L, 2026/506, 23.4.2026, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2026/506/oj).

([8]) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtíð. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2014/269/oj).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 80/2009 frá 14. janúar 2009 um hátternisreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2299/89 (Stjtíð. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 47, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2009/80/oj).“

VIÐAUKI

Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: https://data.europa.eu/eli/reg/2026/1848/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: https://eurlex.europa.eu.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

B-deild – Útgáfudagur: 19. nóvember 2026